FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

293. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 13. DESEMBER 2017



**Stormsveitarmenn** Meðlimir Íslandsdeildar 501st Legion, áhangenda Star Wars, klæddu sig í gærkvöldi upp fyrir Nexus-frumsýningu nýjustu Star Wars-myndarinnar í Egilshöll, The Last Jedi. Myndin er sú áttunda í röðinni. Mikil eftirvænting ríkir jafnan þegar Stjörnustríðsmyndir eru frumsýndar og var engin undantekning þar á í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Samþykktu 550 milljóna bónuspott

**Níu starfsmenn og stjórnarmenn Klakka, sem á Lykil, geta fengið samanlagt 550 milljónir króna í bónus. Lífeyrissjóðir eiga 6 prósenta hlut en mættu ekki á hluthafafund þar sem bónuskerfið var samþykkt. Hafa stutt stjórnarmann sem á núna tilkall til bónusgreiðslna.**

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur og stjórnarmenn Klakka, eignarhaldsfélags sem heldur utan um 100 prósenta hlut í eignaleigufyrirtækinu Lykli, áður Lýsing, geta fengið samanlagt um 550 milljónir í bónus í tengslum við væntanlega sölu á Lykli og vegna annarra eigna félagsins sem hafa verið seldar á síðustu árum. Stærsti eigandi Lykils er vogunarsjóðurinn Davidson Kempner en íslenskir lífeyrissjóðir, einkum LSR, Gildi, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Birta, eiga samtals um sex prósenta hlut í Klakka.

Á hluthafafundi Klakka síðastliðinn mánudag var samþykkt tillaga að kaupaukakerfi, samkvæmt heimildum Markaðarins, sem nær til þriggja starfsmanna og sex manna stjórnar Klakka en í henni eiga sæti fjórir Íslendingar. Gangi tilteknar forsendur eftir sem kaupaukakerfið grundvallast á gætu heildarbónusgreiðslur til þessara níu stjórnenda numið allt að 4,42 milljónum evra, jafnvirði 550 króna.

Lífeyrissjóðir í hluthafahópi Klakka sendu ekki fulltrúa á fundinn til að greiða atkvæði um kaupaukakerfið, samkvæmt heimildum Markaðarins. Kristján B. Thorlacius, hæstaréttarlögmaður og einn stjórnarmanna Klakka, hefur verið studdur af sjóðunum í stjórn félagsins en hann er á meðal þeirra sem bónuskerfið nær til.

Samkvæmt skilmálum kerfisins eiga starfsmenn Klakka tilkall til þess að fá 45 prósent af bónuspottinum á meðan stjórnarmennirnir sex fá 55 prósent. Verði potturinn að lokum 550 milljónir þá munu stjórnendur Klakka því að meðaltali fá yfir 60 milljónir á mann í bónus.

Stjórnarformaður Klakka til margra ára er Pétur J. Eiríksson en aðrir Íslendingar, fyrir utan Kristján, í stjórninni eru Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skipta og Húsasmiðjunnar, og Gunnar Þór Þórarinsson, lögmaður hjá Logos. Forstjóri Klakka er Magnús Scheving Thorsteinsson.

Klakki, sem áður hét Exista, var yfirtekinn af kröfuhöfum við samþykkt nauðasamninga í árslok 2010. Á undanförnum árum hefur félagið meðal annars selt eignarhluti sína í VÍS, Símanum, Kviku og Bakkavör.

– hae / sjá Markaðinn

## Ráð fyrir þá sem halda jólin einir

**LÍFIÐ** Passaðu gæludýr, vertu túristi á Íslandi, gefðu skít í allar jólahefðir eða njóttu hreinlega einverunnar. Tilhugsunin um að vera einn á jólunum fyllir marga kvíða og depurð, en það er engin ástæða til að örvænta. Fréttablaðið tók saman nokkrar hugmyndir fyrir þá sem sjá fram á einmanaleg jól, og þar leynast heilmikil tækifæri til að upplifa nýja og skemmtilega hluti.

– ahg






## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Brottkast bitnar á allri þjóðinni, skrifa Píratar. 12

**MENNING** Kórtónleikar í Hallgrímskirkju. Ó, mikli leyndardómur og undraverða dásemdarverk. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðaustan 8-15 og léttir til á Suður- og Vesturlandi í dag. Éljagangur um landið norðan- og austanvert og einnig suðaustanlands framan af degi. Vægt frost, en sums staðar frostlaust við ströndina. SJÁ SÍÐU 18

## Vann 70 milljónir

**SAMFÉLAG** Einn miðaeigandi vann 70 milljónir króna í desemberútdrætti Happdrættis Háskóla Íslands. Um er að ræða hæsta vinning sem greiddur hefur verið út í íslensku happdrætti á árinu. Í tilkynningu segir að annar heppinn miðaeigandi hafi unnið 25 milljónir króna vinning á trompmiða og fjórir til viðbótar hafi fengið fimm milljónir hver.



Í tilkynningunni kemur fram að heildarupphæð vinninga hafi verið 209 milljónir króna í desember; hæsta upphæð sem greidd hafi verið út í sögu happdrættisins. **– bg**

## Boxið gegn Matarboxinu

**NEYTENDUR** Forsvarsmenn Boxins verslunar ehf., sem rekur heimasíðuna boxid.is, hafa kvartað til Neytendastofu vegna nýs fyrirtækis sem ber heitið Matarboxið ehf. Matarboxið var opnað í gær, þriðjudag, og selur tilbúna rétti í gegn um vefsíðu sína, matarboxid.is.

Í kvörtuninni segir að félögin veiti sambærilega þjónustu og að nöfnin séu „allt of lík“. Fram kemur að Boxið hafi tekið til starfa fyrir ári. Augljóst sé að Matarboxið hafi leitað fanga í nafngift Boxins og reyni að nýta sér viðskiptavild nafnsins. Með þessu telur Boxið verslun ehf. að brotið sé gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Neytendastofa hefur kallað eftir skýringum eða athugasemdum frá Matarboxinu, innan tíu daga.

Guðrún Helga Rúnarsdóttir, eigandi Matarboxins, segir að henni hafi borist erindið. Hún segist vera að skoða málið með lögfræðingi en vill að öðru leyti ekki tjá sig. Hún segist þó vona að málið leysist farsællega fyrir alla. **– bg**

## Ragga og Björgvin sungu inn jólin



Jólagestir Björgvins hafa fest sig rækilega í sessi sem jólahefð meðal margra Íslendinga, en síðustu tónleikarnir fyrir þessi jólin voru í gærkvöldi. Ragnhildur Gísladóttir og Björgvin Halldórsson voru meðal þeirra sem fram komu. Lausleg athugun fréttastofu leiddi í ljós að um 170 jólatónleikar eru haldnir víða um land í desember, að frátöldum minni tónleikum í kirkjum og í samkomuhúsum, og hafa aldrei verið fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segir Trump og Kim keimlíka

**BANDARÍKIN** Dennis Rodman, fyrrverandi körfuboltamaður og vinur norðurkóreska einræðisherrans Kim Jong-un, sagði í gær að talsverð líkindi væru með einræðisherranum og Trump, forseta Bandaríkjanna.

„Þeir elska báðir að stjórna,“ sagði Rodman og bætti því við að hótanir um kjarnorkuárásir væru til gamans gerðar. Enginn væri „með fingurinn á takkanum“.

„Kim er í þannig stöðu að hann vill án vafa gera alls konar jákvætt,“ sagði Rodman í viðtali við AFP.

Rodman hefur í tvígang ferðast til Norður-Kóreu til að hitta vin sinn Kim, sem hann kallar „marskálkinn“.

Kim og Trump hafa átt í hatrömmum deilum undanfarna mánuði og hótað hvor öðrum árásum. Hefur Trump uppnefnt Kim „eldflaugamanninn“ vegna eldflaugatilrauna en Kim kallað Trump elliæran vitleysing. **– þea**




# Flóki segist ekki hafa afneitað jólasveininum

**„Ég lifi við það að það er búið að búa til mynd af mér sem ókunnugir margir hafa tileinkað sér,“ segir séra Flóki Kristinsson. Segist ekki hafa sagt börnum að jólasveinninn væri ekki til. Langholtsdeilurnar hafi verið mjög sárar.**



Sævar bjó í tjaldi Með 20 ára fangelsisdóma á bakinu og snýr við blaðinu
RÚSTAÐI GISTIHEIMILUM OG RÉÐST Á KONU – Á AÐ MÆTA Í HÉRAÐSDÓM Í DAG Bls. 8
DV
Unnur Birna heima um jólin „Þær voru alveg hreint stórkostlegar,“ segir Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, ungfrú heimur, um móttökur íslensku þjóðarinnar í Smáralindinni á laugardaginn. Vinir hennar héldu svo óvænt partí henni til heiðurs þegar hún kom úr Smáralindinni. Hún verður heima til áramóta. Bls. 4
DAGBLAÐIÐ VÍSIR 290. TBL. – 95. ÁRG. – [ MÁNUDAGUR 19. DESEMBER 2005 ] VERÐ KR. 220
SÉRA FLÓKI VELDUR ÓLGU MEÐAL FORELDRA EFTIR UPPLJÓSTRANIR Í SUNNUDAGASKÓLA
„Jólasveinninn er ekki til!
Ég er víst til!
„ÉG GAT EKKI HUGSAÐ MÉR AÐ LJÚGA AÐ BÖRNUNUM“
Séra Flóki Kristinsson, sóknarprestur í Hvanneyrarprestakalli, hefur valdið uppnámi meðal foreldra fyrir vestan vegna fullyrðinga sinna við smábörn um að jólasveinninn sé ekki til. Móðir 6 ára drengs segir augljóst að séra Flóki hafi ekki fengið í skóinn svo árum skiptir. Bls. 10
Unnusti fyrirsætunnar Chloe Ákærður fyrir að keyra fullur og eiga kókaín Bls. 15
Acer CE-5330 14.900-
Acer CS-5530 23.900-
Acer CR-6530 24.900-
acer Hvetur fólk til dáða
svar:) tækni
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

**TRÚ** „Það vill nú svo til að ég rakst á þetta um daginn þegar ég var að raða blöðum hjá mér og var með blaðið hérna fyrir framan mig,“ segir séra Flóki Kristinsson, sóknarprestur á Hvanneyri.

Frétt DV frá 19. desember 2005 hristi verulega upp í fólki á sínum tíma. Þar var greint frá því að Flóki hefði sagt börnum í 1. bekk Andakílsskóla að jólasveinninn væri ekki til. Foreldrar sem tjáðu sig við blaðið á sínum tíma voru ósáttir við þessa afhjúpun.

Flóki harðneitar því að hann hafi verið í krossferð gegn jólasveininum. Hann segir að þarna hafi verið sjö krakkar í 1. bekk grunnskóla sem voru nýkomin úr útiveru að þrátta um tilvist jólasveinsins. „Það var þarna strákur sem gafst upp fyrir þessum andmælum og spurði mig hvort jólasveinninn væri til. Ég svaraði drengnum þannig að ég sagði: Auðvitað er jólasveinninn til eins og Grýla er til í ævintýrunum. Þetta var nú allt og sumt,“ segir Flóki. Nokkrum dögum síðar hafi hann síðan verið í matvöruverslun og þá séð mynd af sjálfum sér á forsíðu DV.

„Þetta var síðan bara sjatlað á fundi innan skólans. Ég einhvern veginn hafði ekki geð í mér til þess að vera að hafa mig í frammi út af þessu. Þetta varð síðan til þess að ég lét af störfum sem kennari,“ segir Flóki, sem starfar enn sem sóknarprestur á Hvanneyri. Hann segir DV hafa ítrekað birt fréttir af málinu.

Nokkrum árum áður en frásögnin um afhjúpun Flóka birtist í DV höfðu fjölmiðlar sagt frá skoðanaskiptum hans við Jón heitinn Stefánsson organista í Langholtskirkju um staðsetningu á kirkjuorgelinu þar. „Fólki hefur þótt ég liggja vel við höggi eftir að hafa lent í þessu Langholtsmáli sem svo var kallað,“ segir hann.

Flóki segir að sér hafi þótt Langholtsmálið mjög sárt á sínum tíma. „Svo bættist þetta við. En ég lifi við það að það er búið að búa til mynd af mér sem ókunnugir margir hafa tileinkað sér,“ segir hann og segist ekki vita hvernig hann eigi að svara til þegar hann er spurður hvort hann sé sáttur við hlutskipti sitt í dag. „Svona fer lífið stundum,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is




**iPhone X** 64 GB

**167.990 kr.** stgr.

256 GB **192.990 kr.**




**iPhone 8** 64 GB

**112.990 kr.** stgr.

256 GB **132.990 kr.**

iPhone 8 Plus 64 GB **127.990 kr.**



**Apple AirPods**

**24.990 kr.** stgr.

# Snilldarjól hjá Nova!



**Beats Solo3 Wireless**

**32.990 kr.** stgr.



**Apple TV 4G** 32 GB

**29.990 kr.** stgr.

Apple TV 4K 64 GB **34.990 kr.**



**Snjallskógkassi**

**12.990 kr.** stgr.




**Bíókort** 5x í bíó

**4.690 kr.** stgr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Starfsfólki var vikið úr starfi vegna áreitni hjá WOW air

**SAMFÉLAG** „WOW air tekur þessa umræðu mjög alvarlega og ætlar að vera til fyrirmyndar um hvernig tekið er á kynferðislegri áreitni. Það er algjörlega ólíðandi að verða fyrir áreitni við störf sín,“ segir Skúli Mogensen, forstjóri flugfélagsins WOW air, vegna fjölda frásagna flugliða af áreitni og kynferðislegu ofbeldi. Frásagnirnar eiga við öll starfandi flugfélög landsins og Skúli segist munu fylgja átakinu eftir með aukinni umræðu og fræðslu og hann vilji auðvelda starfsfólki að greina frá áreitni. „Það verður gert sem einfaldast fyrir okkar starfsfólk að tilkynna alla þá áreitni sem það verður fyrir í starfi. Við munum styðja við okkar starfsfólk að öllu leyti sem hefur orðið fyrir slíkri áreitni,“ ítrekar Skúli.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow air, segir kynferðislega áreitni aldrei hafa verið liðna hjá félaginu. „Starfsfólki hefur oftar en einu sinni verið vikið úr starfi eftir að ábending um kynferðislega áreitni barst mannauðssviði. Í sumar áður en #metoo byltingin hófst spurðum við út í kynferðislega áreitni í vinnustaðagreiningu meðal starfsfólks. Því miður kom þar fram að nokkrir starfsmenn höfðu lent í kynferðislegri áreitni. Í kjölfarið var sendur póstur til alls starfsfólks þar sem leiðir voru kynntar um hvernig hægt væri að tilkynna slík brot. Einnig var þetta tekið fyrir á starfsmannafundi. Eftir það bárust nokkrar tilkynningar um kynferðislega áreitni og var tekið á þeim málum strax,“ greinir Svanhvít frá.

Hún segir yfirstjórn félagsins taka umræðuna alvarlega. „Tekið er á hverju máli fyrir sig, starfsfólk hefur fengið áminningu og einnig verið vikið úr starfi vegna kynferðislegrar áreitni,“ segir Svanhvít. **– kbg**



**Skúli vill einfalda fyrir starfsfólki að greina frá.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Viðræður um sameiningu við Fjarðabyggð

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveitarfélögin Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð eiga nú í viðræðum um mögulega sameiningu. Unnið er að því að setja saman samkomulag sem lagt verður fyrir íbúa sveitarfélaganna í byrjun næsta árs.

Hákon Hansson, oddviti Breiðdalshrepps, segir bæði sveitarfélögin opin fyrir því að skoða þennan möguleika og vilji sé til þess hjá báðum sveitarstjórnum. „Viðræðum verður haldið áfram og síðan verður kosið um þetta á báðum stöðum, hvort af sameiningu verði,“ segir Hákon. „Íbúarnir munu eiga lokasvarið hvað það varðar. Við stefnum að því að samningsdrög geti legið fyrir í byrjun nýs árs.“

Þann 1. janúar síðastliðinn voru íbúar Fjarðabyggðar 4.691 talsins en íbúar í Breiðdalshreppi einungis 182. **– sa**

## Til dómstóla vegna Airbnb

**FRAKKLAND** Yfirvöld í París eru búin að fá nóg og hafa leitað til dómstóla vegna ólöglegra íbúða á vef Airbnb og fjögurra annarra leigumiðlana.

Krefjast yfirvöld þess að leigumiðlanirnar dragi til baka strax í vikunni 1.400 auglýsingar um leiguíbúðir fyrir ferðamenn sem ekki er leyfi fyrir. Um er að ræða íbúðir sem leigðar eru út allt árið. Sérstakt leyfi þarf ætli menn að leigja íbúðirnar út lengur en í 120 daga á ári.

Talið er að yfir 40 þúsund auglýstar ferðamannaíbúðir í París séu ólöglegar. **– ibs**

# Réttur til að gleymast tryggður

**Frumvarp um stóraukna persónuvernd verður lagt fram á Alþingi eftir áramót. Einstaklingar fá aukinn rétt yfir persónuupplýsingum sínum og fyrirtæki og stofnanir þurfa að endurskoða kúltúrinn segir ráðherra.**

**MANNRÉTTINDI** Frumvarp um breytingar á persónuverndarlöggjöfinni verður lagt fram snemma á nýju ári. Um er að ræða innleiðingu á viðamikilli persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins.

„Þetta eru mjög viðamiklar breytingar sem verða á löggjöfinni,“ segir Sigríður Andersen dómsmálaráðherra. Aðspurð um hvernig almennir borgarar muni finna fyrir breytingunum segir ráðherra það margþætt. „Það sem felst meðal annars í þessu er skýrari réttur einstaklinga til aðgangs að sínum persónuupplýsingum og réttur til að fá þær fluttar á milli aðila,“ segir Sigríður. Svo þurfum við að setja reglur um réttinn til að gleymast, til dæmis með ákvæðum um hve lengi megi geyma persónuupplýsingar.“

Sigríður segir breytingarnar að miklu leyti varða menningu í fyrirtækjum og stofnunum um persónuupplýsingar og varðveislu þeirra. „Menn þurfa fyrst og fremst að velta fyrir sér, áður en þeir biðja um persónuupplýsingar fólks, af hverju þeir eru að biðja um þær,“ segir Sigríður og nefnir til dæmis skönnun á brottfararspjöldum í fríhöfninni í Leifsstöð. „Látum vera að menn vilji fylgjast með því í einhverjum markaðslegum tilgangi hvaða fólk sem flýgur til Danmerkur en að kaupa eða hvernig eftirspurnin breytist eftir álagstímum í flugstöðinni. „En að það þurfi að skanna brottfararspjöldin; það er ekki víst að það standist þessi nýju persónuverndarsjónarmið,“ segir Sigríður og bætir við: „Svo getur vel verið að nöfn fólks komi ekki fram þegar brottfararspjöldin eru skönnuð en það er ekki augljóst fyrir neytandann.“

Sigríður segir að í tilvikum sem þessu muni neytendur eiga rétt á að vita í hvaða tilgangi upplýsingar sé gert, hve lengi upplýsingarnar séu varðveittar og hvaða persónuupplýsingar komi fram í þeim gögnum sem eru varðveitt.


**Á þinginu í gær var verið að undirbúa þingsetningu á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta er ekki bara svona pakki sem fyrirtæki og stofnanir geta innleitt og fengið vottorð fyrir. Það þarf að koma þessu inn í sálina á fyrirtækjum**
>
> Sigríður Andersen dómsmálaráðherra



„Þetta er ekki bara svona pakki sem fyrirtæki og stofnanir geta innleitt og fengið vottorð fyrir,“ segir Sigríður um væntanlegar breytingar, en hún segist hafa orðið vör við að menn haldi að það dugi að ráða bara einn sérfræðing til að innleiða breytingarnar. „Það verður ekki nægilegt. Það þarf að koma þessu inn í sálina á fyrirtækjum og allir starfsmenn fyrirtækja og stofnana þurfa að verða meðvitaðir um þessi mál. Það þarf í rauninni að breyta allri fyrirtækja- og stofnanamenningunni,“ segir ráðherra. Hún segir mörg fyrirtæki vera í góðum málum hvað varðar persónuvernd en margir séu töluvert stressaðir vegna breytinganna og tekur sveitarfélög og skóla sem dæmi.

Evrópureglugerðin veitir ríkjum töluvert svigrúm við innleiðingu reglugerðarinnar og því ekki loku fyrir það skotið að frumvarp ráðherra taki einhverjum breytingum þegar það fer til þinglegrar meðferðar snemma á nýju ári.

**adalheidur@frettabladid.is**




Ný íslensk bók um sögu Mercedes-Benz

Yfir 400 myndir af glæsivögnum

Ómissandi bók fyrir alla bílaáhugamenn!

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19


Horfðu hvar og hvenær sem er
Fyrir fólk sem elskar sjónvarp.
Horfðu á þitt uppáhaldsefni þegar þér hentar. Vodafone PLAY appið er með þér í snjalltækinu hvert sem þú ferð.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

gæði – þekking – þjónusta
FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR
TALNINGAVOGIR
Mikið úrval
af talningavogum, sem einfalda
talningu á smáhlutum
GOTT VERÐ
CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-
pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

FYRIR FLESTAR
GERÐIR BÍLA...
Gabriel
Ride the independent spirit
SUPLEX
HÖGGDEYFAR
GORMAR
VANRÆKTU EKKI VIÐHALDIÐ!
STÁL OG STANSAR | SÍMI: 517-5000 | VAGNHÖFÐI 7 | STALOGSTANSAR.IS
Stál og Stansar

Þjónustumiðstöð
tónlistarfólks
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

PHO VIETNAMESE
VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.
HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.
Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868
pho.is

# Flutt úr landi í skugga 80 milljóna sektar

**Smálánafyrirtækið E-Content hefur í 140 daga safnað dagsektum vegna brota sinna á íslenskum lögum. Fyrirtækið skuldar Neytendastofu 80 milljónir króna að höfuðstóli. Nýr eigandi er skráður í Danmörku og félögin nú með dönsk lén.**

**NEYTENDUR** Félagið E-Content, sem fyrr á árinu var sektað um tíu milljónir króna fyrir hærri lántökukostnað en íslensk lög leyfa, hefur sætt dagsektum frá því í júlí og skuldar því um 80 milljónir króna. Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti í byrjun nóvember ákvörðun Neytendastofu frá því fyrr á árinu en þá var fyrirtækið sektað um tíu milljónir króna. Þeirri upphæð til viðbótar hefur fyrirtækið sætt dagsektum frá því 26. júlí á þessu ári, eða í 140 daga. Dagsektirnar nema hálfri milljón króna á dag og samtals því um 70 milljónum króna. Heildarskuldirnar gagnvart stofnuninni hlaupa því á um 80 milljónum króna, að höfuðstóli.

E-Content hefur, þar til nýlega, verið rekstraraðili Kredia, Hraðpeninga, Múla, Smálána og 1919. Félögin eru nú öll komin með danskt lén og á vefsíðum þeirra kemur fram að þau séu í eigu danska fyrirtækisins Ecommerce 2020. Það var Viðskiptablaðið sem greindi fyrst frá því.

Segja má að smálánafélögin, sem áður voru í eigu tveggja óskyldra félaga, hafi verið á hlaupum undan íslenskum eftirlitsaðilum. Þannig samþykkti Alþingi í mars 2013 ný lög um smálánastarfsemi eftir að heildarkostnaður á ársgrundvelli af lánunum hafði numið allt að 600%. Hámark var sett á kostnaðinn við lántökuna og mátti hann eftir lagasetninguna ekki nema hærra hlutfalli af láninu á ársgrundvelli en 50%.

Við því brugðust fyrirtækin með því að bjóða rafbækur til sölu samhliða lántökunni. Í fyrrahaust staðfesti áfrýjunarnefnd neytendamála 1,5 milljóna króna stjórnvaldssekt á smálánafyrirtækin Kredia og Smálán, fyrir gróf brot. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að gjald sem smálánafyrirtækin innheimtu í formi rafbóka væri ekkert annað en yfirskin og tilraun til að sniðganga lög um neytendalán.

Það var svo í vor sem tíu milljóna króna stjórnvaldssekt var lögð á E-Content, fyrir brot gegn fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála, sem aftur staðfesti ákvörðun Neytendastofu að öllu leyti, segir að neytandi sem fær 20 þúsund krónur að láni þurfi að greiða 6.016 krónur fyrir rafbækur í tengslum við lántökuna. Honum stendur svo hvort tveggja til boða að staðgreiða rafbækurnar eða fá lán til kaupa á þeim. Hafið sé yfir vafa að kaupverð þeirra rafbóka sem fyrirtækið bjóði til sölu í tengslum við lánveitingarnar sé í raun kostnaður sem neytandi þurfi að greiða í tengslum við lánssamninginn.


Smálánafyrirtækin tóku upp á því að selja rafbækur samhliða lánveitingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**500**
**þúsund krónur er upphæðin sem E-Content sætir í sekt á degi hverjum.**

Nú eru smálánafélögin flúin frá Íslandi og rekin á dönsku léni en fjölmiðlum hefur í gegn um tíðina reynst erfitt að hafa uppi á eigendum félaganna.

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, segir í samtali við Fréttablaðið að stofnunin eigi eftir að skoða málið. Regluverk um smálánastarfsemi sé ólíkt milli landa, þó lögin um neytendalán séu samevrópsk. Á Íslandi gildi reglur um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en hún segir til um heildarkostnað af láni á ársgrundvelli. Þórunn segir að Neytendastofa eigi samstarf við systurstofnanir í Evrópu. Hún segir að fyrirtæki sem hafi starfsemi á Íslandi þurfi að lúta íslenskum lögum.

Ekki tókst að hafa uppi á stjórnendum E-Content við vinnslu fréttarinnar. **baldurg@frettabladid.is**

# Persónuvernd krefst upplýsinga um eftirlitskerfi við Álftanesveg

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd hefur krafið bæjaryfirvöld í Garðabæ um að þau upplýsi hvernig ný fullkomin eftirlitsmyndavél við Álftanesveg samrýmist lögum um persónuvernd, meðferð persónuupplýsinga og reglum um rafræna vöktun. Vélin, sem gerir yfirvöldum kleift að fylgjast með umferð og greina númeraplötur ökutækja með aðstoð innrauðs ljóskastara, hefur verið starfrækt í rúman mánuð. Bæjaryfirvöld hafa ekki látið Persónuvernd vita af vélinni, þrátt fyrir að rafræn vöktun sé tilkynningarskyld til stofnunarinnar. Bæjarstjóri segir að um samstarfsverkefni við lögreglu sé að ræða og að unnið sé að því að tilkynna málið.

Persónuvernd sendi bæjaryfirvöldum erindi í upphafi mánaðarins vegna vélarinnar sem tekið var fyrir á fundi bæjarráðs í gær. Gunnar Einarsson bæjarstjóri vísaði á fundinum til samþykktar bæjarráðs frá 21. mars síðastliðnum þar sem kemur fram að uppsetning öryggismyndavélarinnar væri samstarfsverkefni bæjarins, lögreglu og Neyðarlínu. Verið væri að ganga frá samstarfssamningi, merkingum á vettvangi og tilkynningu til Persónuverndar.


**Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.**

„Við förum fyrst að skoða þennan möguleika eftir undirskriftasöfnun íbúa á Álftanesi sem óskuðu eftir öryggismyndavél, hvort það hafi verið mikið um innbrot á þeim tíma. Svo áttum við fund með reglunni sem tók vel í samstarf. Við eigum eftir að ganga endanlega frá öllum hnútum gagnvart okkar samstarfsaðila og tilkynna málið til Persónuverndar,“ segir Gunnar og bætir við að tilgangur vélarinnar sé að hægt verði að bregðast við ef eitthvað komi upp á.

„Þá er hægt að rekja það. Svona fyrirkomulag er í öðrum bæjarfélögum sem við vitum en við lítum á þetta sem tilraunaverkefni.“

Eftirlitskerfið les númer allra bíla sem fara um veginn og skráir þau beint í gagnagrunn sem hægt er að fletta upp í eftir á. Einnig er hægt að setja lista yfir eftirlýst bílnúmer inn í grunninn og fá tilkynningar ef þær bifreiðar aka þar um.

Áætlaður kostnaður við uppsetningu eftirlitsmyndavélarinnar nam um tveimur milljónum króna, sem Gunnar segir að hafi staðist. **mikael@frettabladid.is**


Notaleg jólastemning
í Garðheimum
20% AFSLÁTTUR AF NORDMANNSÞIN OG LJÓSASERÍUM
NORDMANNSÞINUR
TILBOÐSVERÐ
70-100CM 2.600KR
101-150CM 3.800KR
151-200CM 5.160KR
201-250CM 7.960KR
15%
af allri heimilis og gjafavöru
frá Ihanna, Heklu, Sveinbjörgu,
Meraki, Bahne, Lene Bjerre,
Greengate, Hübsch ofl
Tilboð gilda til 15. desember
OPIÐ TIL KL 22:00
FRAM AÐ JÓLUM
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is
HEITT KAFFI OG KAKÓ
Í JÓLATRJÁASKÓGINUM

# Skelfilegt að sjá aðstæður í Tyrklandi

**Deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg segir það breyta lífi sínu fyrir lífstíð að sjá aðstæður hælisleitenda í Tyrklandi. Vill vita hvað alþjóðasamfélagið er að hugsa með því að geyma allt fólk í flóttamannabúðum. Einungis fimm prósent hælisleitenda hér er fólk frá Sýrlandi.**

**ÞRÓUNARMÁL** „Maður lamast þegar maður sér fólkið þarna girt af að bíða eftir því að komast í viðtal. Þarna voru bara brún brostin augu sem maður sá og þetta var bara skelfilegt,“ segir Magðalena Kjartansdóttir, deildarstjóri yfir hælisleitendateymi hjá Reykjavíkurborg.

Magðalena heimsótti í síðustu viku móttökuskrifstofu fyrir hælisleitendur í Ankara í Tyrklandi. „Þangað koma allir sem eru að sækja um alþjóðlega vernd. Þetta var mögnuð upplifun að koma inn í þetta járngirta virki,“ segir Magðalena og bætir við að þar hafi verið vopnaðir verðir með byssur hvarvetna. „Þarna var fólk að koma inn í stríðum straumum og þeir skrá inn 5.000 manns í hverri einustu viku,“ segir Magðalena. Tilefni heimsóknar Magðalenu til Ankara var ráðstefna ASAM, samtaka sem aðstoða hælisleitendur í Tyrklandi.

Magðalena segir Tyrki fá vel greitt fyrir að sinna hælisleitendunum og það virðist henta Evrópuríkjunum ágætlega að halda fólkinu meira og minna í flóttamannabúðum í Tyrklandi. „Fólki finnst ýmislegt um þennan forseta, þú segir ekki hvað sem er þarna. En hann er þó að taka á móti þessu fólki.“

Magðalena segist þó velta fyrir sér hvað alþjóðasamfélagið sé að hugsa. „Af hverju eru svona margir þarna? Og af hverju eru svona margir í flóttamannabúðum? Svo gerist ýmislegt þar. Fólk er að hverfa og það er beitt ofbeldi. Þannig að það vakna ýmsar spurningar hjá manni. Ég vil meina að það breyti manni fyrir lífstíð að sjá svona,“ segir hún.

Reykjavíkurborg gerir samning við Útlendingastofnun og nýjasti samningurinn hljóðar upp á að borgin þjónusti 200 hælisleitendur á hverjum tíma, en er með 218 núna.

Hún segir Reykjavíkurborg fá mjög mikið af fólki frá löndum sem eru talin örugg samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. „Við erum að fá mjög mikið af fólki frá Makedóníu, Georgíu og Albaníu. Á þessu ári – frá janúar til september – hafa Sýrlendingar bara verið fimm prósent,“ segir hún.

Ástæðan er einkum sú að það er svo dýrt og flókið fyrir Sýrlendinga að koma hingað.

jonhakon@frettabladid.is



**Hópurinn sem Magðalena var með í Ankara heimsótti líka hjálparstöð fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þar sá hún þessa mynd sem eitt barnanna hafði teiknað.** MYND/MAGÐALENA KJARTANSDÓTTIR

> **Þetta var mögnuð upplifun að sjá þetta járngirta virki.**
>
> Magðalena Kjartansdóttir, deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg








# Herdís þurfti stuðning allra

**STJÓRNMÁL** „Þetta er heilmikil viðurkenning fyrir mig persónulega,“ segir Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, sem kjörin hefur verið fyrsti varaforseti Feneyjanefndar Evrópuráðsins. Gianni Buquicchio er forseti nefndarinnar og hlaut endurkjör á aðalfundi sem fram fór nú í desember.

Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða aðildarríkin, sem eru 61 talsins, við að laga löggjöf og stjórnskipuleg málefni landanna að evrópskum og alþjóðlegum viðmiðum á sviði mannréttinda, réttarríkis og lýðræðis. Herdís segir að á meðal viðfangsefna nefndarinnar, sem er sjálfstætt starfandi, séu Tyrkland, Pólland, Ungverjaland og Rússland. „Ég þurfti stuðning allra til að komast í þetta,“ segir Herdís.

Herdís, sem er doktor í lögum, var skipuð aðalfulltrúi Íslands í nefndinni árið 2010. Hún var kjörin einn þriggja varaforseta árið 2013 og var sú eina sem var endurkjörin 2015. Nú er hún orðin næstæðsti stjórnandi nefndarinnar. Herdís segir að mikil vinna fylgi hlutverkinu og heilmikil ferðalög, ýmist vegna funda nefndarinnar sjálfrar, þegar unnið er að álitum, og vegna funda við fulltrúa stjórnvalda þeirra ríkja sem til umfjöllunar eru hverju sinni. – bg



**Herdís Þorgeirsdóttir varaforseti og Gianni Buquicchio forseti.**


## Nýir SKODA og Volkswagen fyrir bílaleigur.






Eigum nokkra SKODA og Volkswagen bíla með niðurfellingu til afhendingar til bílaleiga fyrir áramót. Árgerð 2018 af Skoda Octavia, SKODA Superb, SKODA Fabia, Volkswagen Golf og Volkswagen Passat.

Volkswagen ŠKODA

**Allar nánari upplýsingar hjá vörustjórum HEKLU**
Valgeir Erlendsson í síma 590 5611 eða ve@hekla.is
Haraldur Ársælsson í síma 590 5530 eða hara@hekla.is

HEKLA
Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is



# JÓLABÆKUR FLÆÐA!




Óvættaför -
Skuggi dauðans
**TILBOÐSVERÐ: 2.399.-**
Verð áður: 3.299.-




Líftaug landsins (2 bækur)
**TILBOÐSVERÐ: 15.999.-**
Verð áður: 19.999.-




Vefurinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.499.-




Litla vínbókin
**TILBOÐSVERÐ: 2.299.-**
Verð áður: 3.499.-




Færeyjar út úr þokunni
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.499.-




Milli steins og sleggju
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




Handbók fyrir ofurhetjur
**TILBOÐSVERÐ: 2.299.-**
Verð áður: 3.499.-




Sögur frá Rússlandi
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.499.-




Úr búri náttúrunnar
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.999.-




Martröð með myglusvepp
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.999.-




Erlendur landshornalýður?
**TILBOÐSVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 5.999.-




Kepler 62 - Kallið
**TILBOÐSVERÐ: 2.299.-**
Verð áður: 3.499.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 18. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hafa selt tíu milljónir leikjatölva

**TÆKNI** Tölvuleikjarisinn Nintendo hefur nú selt tíu milljónir eintaka af leikjatölvunni Nintendo Switch. Frá þessu greindi fyrirtækið í gær og lofaði því jafnframt að nægt framboð yrði á tölvum fyrir jólainnkaupin en Switch hefur verið ófáanleg vestanhafs undanfarið vegna eftirspurnar.

„Í stuttu máli þá er sú ákvörðun okkar um að bjóða upp á einstaka og öðruvísi leikjatölvu að virka,“ er vitnað í Reggie Fils-Aimé, forseta bandaríska Nintendo, í tilkynningunni. Sá eiginleiki tölvunnar að bæði er hægt að halda á henni og tengja hana við sjónvarp hefur verið einn stærsti þátturinn í velgengni Switch. Þá hefur framboð vinsælla leikja, sem gagnrýnendur hafa lofað, einnig hjálpað til. Mikil þörf var á velgengninni eftir litla sölu síðustu leikjatölvu Nintendo, Wii U.

Sala á Switch hefur farið fram úr öllum væntingum frá því tölvan var sett í sölu í mars. Engin tölva frá Nintendo hefur selst hraðar, afkomuspár fyrirtækisins hafa sífellt hækkað sem og spár um sölu tölvunnar og þá hefur virði hlutabréfa í Nintendo tvöfaldast frá því í mars. **– þea**


## Umhverfismat fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Sveitarfélagið Árborg hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og hefur verkfræðistofunni EFLU verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa verið lögð fram til kynningar á vefsíðu EFLU;
www.efla.is/mat-a-umhverfisahrifum/
Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

**Athugasemdafrestur er frá 13. desember 2017 til 5. janúar 2018.**

Athugasemdir skal merkja „Hreinsistöð fráveitu á Selfossi“ og senda með tölvupósti á netfangið **jon.agust.jonsson@efla.is** eða með bréfpósti á:

**EFLA verkfræðistofa**
**B.t. Jóns Ágústs Jónssonar**
**Höfðabakki 9**
**110 Reykjavík**

EFLA

Sveitarfélagið ÁRBORG

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is




Macron tók vel á móti Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

# Macron tranar sér fram sem loftslagsleiðtogi

**Forseti Frakklands boðaði á annað hundrað áhrifamanna til fundar í gær til að ræða loftslagsmál. Hann vonast til þess að Bandaríkjaforseti endurskoði ákvörðun sína um að draga ríkið út úr Parísarsamkomulaginu. Merkel mætti ekki.**

**LOFTSLAGSMÁL** Á annað hundrað þjóðarleiðtoga, ráðherra, auðjöfra og annarra áhrifamanna komu til Élysée-hallar forseta Frakklands í gær. Emmanuel Macron hafði boðið mannfjöldanum þangað til fundar um loftslagsmál. Á meðal gesta voru rúmlega fimmtíu þjóðarleiðtogar, þar á meðal Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, og vonaðist Macron til þess að fundurinn yrði til þess að styrkja baráttuna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum.

Ásamt Macron stóðu Alþjóðabankinn og Sameinuðu þjóðirnar að fundinum. Var þar samþykkt að veita fjármagn til fátækari aðildarríkja samkomulagsins sem og að fjármagna tækniþróun á sviði loftslagsmála.

Athygli vakti að Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, var ekki boðið. Það er að öllum líkindum vegna þeirrar ákvörðunar Trumps að draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu. Macron hefur verið einn helsti gagnrýnandi þeirrar ákvörðunar og hefur meðal annars snúið upp á slagorð Trumps, „Make America Great Again“, og breytt því í „Make Our Planet Great Again“. Í viðtali við CBS í fyrrinótt sagði Frakkinn að úrsögnin hefði fært honum sjálfum meðbyr og hvatt hann til að leiða gagnstæða hreyfingu.

„Bandaríkin voru búin að skrifa undir. Mér fannst þetta algjör yfirgangssemi hjá Trump að ákveða upp á eigin spýtur að fara og vilja svo semja upp á nýtt. Það er ekki hægt að semja upp á nýtt af því að einn aðili samkomulagsins dró sig út úr því. Ég vil ekki gera það en ég myndi hins vegar taka aftur á móti Bandaríkjamönnum með opnum örmum,“ sagði Macron.

Í viðtali við franska dagblaðið Le Monde í gær sagði Macron að þrátt fyrir að Trump hefði dregið ríkið út úr samkomulaginu gætu einkaaðilar, sveitarfélög og ríki hjálpað Bandaríkjunum að standast kröfur samkomulagsins. Á meðal áhrifamanna innan bandarísks samfélags sem mættu voru Bill Gates, stofnandi Microsoft og ríkasti maður heims, Arnold Schwarzenegger, umhverfissinni og fyrrverandi ríkisstjóri Kaliforníu, og rafbílarisinn Elon Musk. Síðarnefndu mennirnir eru þó vissulega ekki fæddir í Bandaríkjunum.

Michael Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóri New York, sem margir vildu sjá bjóða sig fram gegn Trump og Hillary Clinton í fyrra, sagði í gær að umhverfisverndarsinnar víða um heim stæðu í þakkarskuld við Trump fyrir að hafa sameinað andstæðinga sína gegn sér. Bloomberg sagði jafnframt að America's Pledge, samtök fyrirtækja sem lofa að standast kröfur Parísarsamkomulagsins og Bloomberg er í forsvari fyrir, spönnuðu nú um helming bandaríska hagkerfisins.

Annar máttarstólpi alþjóðasamfélagsins, Angela Merkel Þýskalandskanslari, var heldur ekki mætt til fundar í gær. Henni var þó boðið og hún var gagnrýnd í heimalandinu fyrir fjarveru sína. Þykir sú fjarvera benda til þess að Merkel, sem kölluð var „Loftslagskanslarinn“ á sínum tíma vegna baráttu sinnar gegn loftslagsbreytingum, sé að víkja fyrir Macron. Með því að boða til þessa fundar hafi Macron styrkt sig í sessi sem forystumaður hreyfingarinnar.

Ýmsir einkaaðilar hafa nú þegar ákveðið að endurskoða stefnu sína þegar kemur að loftslagsmálum. Í fyrrinótt tilkynnti olíufélagið Exxon um heildarendurskoðun áhrifa fyrirtækisins á loftslagið og norski lífeyrissjóðurinn Storebrand greindi frá því í gær að nýr 136 milljarða króna sjóður hans myndi ekki fjárfesta í olíugeiranum.

**thorgnyr@frettabladid.is**


Nilfisk



NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR VINNA VERKIÐ Á METHRAÐA

Nilfisk háþrýstidælur eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með öflugri háþrýstidælu vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

PIPAR\TBWA • SÍA • 176364




**PEUGEOT HEFUR SLEGIÐ Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM OG NÚ KYNNUM VIÐ PEUGEOT SENDIBÍLA TIL LEIKS OG BJÓÐUM ÞÁ Á EINSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI. PEUGEOT SENDIBÍLAR ERU BEST BÚNU SENDIBÍLARNIR OG FÁST Í TVEIMUR GERÐUM, EXPERT OG PARTNER.**

**PEUGEOT EXPERT VAN**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • Blindpunktsviðvörun • Grip Control spólvörn
• Fæst í þremur lengdum • Flytur allt að 4 m langa hluti • 7" snertiskjár með Bluetooth

**PEUGEOT PARTNER**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • 850 kg burðargeta • 3,3 m³ hleðslurými
• Sveigjanlegt flutningsrými • 7" snertiskjár með Bluetooth

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT SENDIBÍLA

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Amma og afi



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Það er mikið álag á mörgum heimilum þessa dagana og þá sérstaklega hjá þeim sem hafa lítið á milli handanna. Það er vægast sagt kvíðvænlegt fyrir marga að geta ekki glatt sína nánustu um jólin í anda hátíðanna enda kostar þetta allt sitt. Fáum er þetta þó eflaust jafn mikilvægt og ömmum og öfum sem sjá ekki sólina fyrir barnabörnunum – skiljanlega.

En það er ekki aðalatriðið í stóra samhenginu sem er að ömmur og afar búa sum hver við hreint út sagt óásættanleg kjör og eiga fyrir vikið erfitt með að njóta hátíðanna. Þetta er fjarri því að vera algilt en engu að síður er staðreyndin sú að þeir eldri borgarar sem eru verst staddir eru með lífeyri við fátæktarmörk. Að auki er alls ekki gefið að þessi hópur búi í eigin skuldlausu húsnæði enda þarna fjölmargir sem hafa lent í ýmiss konar hremmingum í óstöðugleika íslenska hagkerfisins undangengna áratugi. Viðkomandi búa mögulega við það að lán eða leiga éti bróðurpart tekna þeirra mánaðarlega. Rétt er að taka fram að uppbætur vegna húsaleigu hrökkva skammt eins og ástandið er á húsnæðismarkaði og ekkert tillit er tekið til þeirra sem sitja uppi með húsnæðislán.

Það voru því mikil vonbrigði að sjá nýjan stjórnarsáttmála sem gefur til kynna að ekki eigi að rétta hlut þessara einstaklinga um eina krónu. Þegar er fyrirhuguð minni háttar hækkun á lífeyri út frá nýjum lögum um almannatryggingar frá upphafi þessa árs en hjá einhleypum eldri borgara skilar það einvörðungu lífeyri upp á 242 þúsund krónur á mánuði. Vissulega stendur til að endurheimta frítekjumark atvinnutekna í 100 þúsund krónur en það var reyndar 109 þúsund krónur fyrir ári. Að auki er það takmarkaður hluti lífeyrisþega sem hefur heilsu til þess að stunda vinnu. En öðrum þykir eðlilega kominn tími til þess að þurfa ekki að strita eftir langa starfsævi samfélaginu til heilla, þó svo það hafi kannski ekki sjálft borið svo ýkja mikið úr býtum. Misskipting er engin nýjung.

Í stjórnarsáttmálanum er reyndar talað um að Ísland eigi að vera land tækifæranna fyrir alla. „Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.“ Þetta gæti vissulega vitað á gott fyrir það fólk sem hér um ræðir en mikið óskaplega hlýtur eldra fólkið í þessu landi að vera orðið þreytt á fögrum fyrirheitum og innantómu orðagjálfri. Hvorugt verður í askana látið.

Það er löngu tímabært að hinir verst stöddu á meðal lífeyrisþega fái kjaraleiðréttingu ekki síst með tilliti til þess að þetta er hópurinn sem mátti fyrst þola skerðingu í kjölfar efnahagshrunsins á sínum tíma. Þetta er eitthvað sem er vonandi að ríkisstjórn og þingheimur hafi í huga og bæti úr við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á næstu dögum. Hafi í huga að það er löngu tímabært að amma og afi séu sett í öndvegi en ekki í skammarkrókinn í íslensku samfélagi.

> **Þetta er eitthvað sem er vonandi að ríkisstjórn og þingheimur hafi í huga og bæti úr við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á næstu dögum.**





NÝ BÓK EFTIR
METSÖLUHÖFUNDINN
STEFÁN MÁNA
★★★★
BB/FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★
SG/MORGUNBLAÐIÐ
sögur útgáfa


## Halldór




## Frá degi til dags

**Hringlandaháttur**

**Nú er að skýrast hvernig skipað verður í formennsku í nefndum á komandi þingi. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa samþykkt að fulltrúar þeirra fari fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, velferðarnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd. Það kann að vera til marks um ný vinnubrögð að Samfylkingin og Píratar ætli að skipta með sér formennsku í velferðarnefnd og stjórnskipunarnefnd og skipta um formenn á miðju kjörtímabili. En slíkt háttalag er sannarlega ekki til þess fallið að auka stefnufestu og stöðugleika í störfum þingsins.**

**Oddvitinn á útleið?**

**Það styttist í að ferðamálaráðherra skipi nýjan ferðamálastjóra. Fréttavefurinn Túristi segir að þrír umsækjendur séu líklegastir í starfið. Þau Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Arnheiður Jóhannsdóttir. Skipað er í starfið frá áramótum. Hljóti Halldór starfið mun hann væntanlega þurfa að víkja úr borgarstjórn og það þá líklega koma í hlut Kjartans Magnússonar að leiða starf borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins fram að kosningum. Hann var þriðji maður á lista flokksins í síðustu kosningum, á eftir Halldóri og Júlíusi Vífli Ingvarssyni sem hvarf á braut eftir að Panamaskjölin voru opinberuð.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Þú og ég töpum á brottkasti



**Álfheiður Eymarsdóttir**
varaþingmaður Pírata



**Gunnar Ingiberg Guðmundsson**
Pírati

Brottkast og endurvigtun eru alvarlegt en nokkuð dulið vandamál. Þetta eru umhverfismál en þau bitna líka fjárhagslega bæði á sjómönnum og þjóðinni allri. Minni afli á land og í bókhaldið gefur af sér minna aflaverðmæti. Sjómenn fá þá minna í sinn hlut og þjóðin verður af skatttekjum.

Umfjöllun Kveiks um brottkast, endurvigtun og annan subbuskap við fiskveiðar í nóvember vakti mikla athygli.

Sérfræðingar hafa bent á leiðir til að sporna við þessum vanda, m.a. úrbætur á lögum og reglum, aukið eftirlit og hert viðurlög. Bent hefur verið á að kvótakerfið sé með innbyggða hvata til brottkasts sem þarf að fjarlægja með lagabreytingum. Hugmyndir um hvata til þess að koma með allan fisk að landi eru áhugaverðar og þarf að skoða betur. Aukið eftirlit getur falið í sér tíðari heimsóknir eftirlitsaðila um borð en einnig sjálfvirkar myndavélar um borð í öllum bátum og skipum. Þá hafa eftirlitsaðilar bent á að erfið sönnunarbyrði og bitlaus viðurlög við brotum geri það að verkum að brottkast sé meira en ella.

Leyfi til endurvigtunar á eigin afla er dæmi um kerfisgalla sem er auðvelt að lagfæra. Það er óþarfi að sanna svindl af þessu tagi. Það nægir að möguleiki á svindli er til staðar, innbyggður í kerfið. Flestir hljóta að sjá gallana sem fylgja því að leyfa eiganda aflans að endurvigta hann. Þetta er skýr kerfisgalli sem hægt er að koma í veg fyrir með einfaldri lagabreytingu þess efnis að afnema alla endurvigtun og setja þess í stað fasta ísprósentu á allar aflategundir.

Það eru kostir og gallar við þessar lausnir en við Píratar erum sammála um að óbreytt ástand er óásættanlegt. Píratar njóta nú liðsinnis Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu til þess að ræða lausnir á vandanum. Það er brýnt að vandinn verði leystur og mikilvægt að Íslendingar séu til fyrirmyndar í allri umgengni við sjávarauðlindina.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Er ríkisstjórnin að skipa sér á bekk með UKIP, AfD, Front National og Wilders?



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Á síðustu árum hafa hægri öfgaöfl og þjóðernis- og einangrunarsinnar náð nokkurri fótfestu í Evrópu, einkum á grundvelli áróðurs gegn komu stríðshrjáðra flóttamanna, sem Evrópu ber þó að hjálpa, ekki aðeins vegna þeirrar mannúðar, sem við kennum okkur við, heldur líka vegna þeirra skyldna, sem við tökum á okkur með Genfarsáttmálanum.

Þessi öfgaöfl gengu hvað lengst með UKIP í Bretlandi, en þar beindist útlendingahatrið ekki aðeins að stríðs- og efnahagsflóttamönnum, heldur einnig að öðrum Evrópubúum, frá Suður- og Austur-Evrópu, sem komu til landsins í leit að betra lífi.

Þessi hatrammi áróður UKIP var aðalástæða þess, að til Brexit kom. Það voru reyndar ekki nema 37,4% brezkra kjósenda, sem kusu Brexit, og því ekki nema rúmur þriðjungur landsmanna, sem leiddu Breta út í óvisst og vafasamt Brexit ævintýrið – sem sumir kalla nú Titanic 2 – undir öfga- og blekkingakenndum áróðri UKIP.

UKIP hefur, ásamt AfD í Þýzkalandi, Front National í Frakklandi og „Frelsisflokki“ Geert Wilders í Hollandi, það helzt á stefnuskrá sinni að brjóta Evrópusambandið upp, leggja niður sameiginlegan gjaldmiðil álfunnar, evruna, stöðva komu flóttamanna og innflytjenda og helzt reka alla útlendinga, í sumum tilfellum líka aðra Evrópubúa, úr landi.

Flestum, sem reynt hafa að skilgreina og skilja þróun og stöðu Evrópu, blöskrar þessi þröngsýni og þessi yfirkeyrða þjóðerniskennd, en sú staðreynd blasir við öllum, sem sjá vilja, að sameining Evrópu, samstarf og samhæfing krafta þjóða álfunnar, ásamt einum sambyggðum, sterkum og traustum gjaldmiðli, evrunni, hefur einmitt tryggt frið, framgang og velferð í álfunni síðustu 70 árin, svo og sterka stöðu hennar í heiminum, eftir að helztu þjóðríki álfunnar höfðu borizt á banaspjótum í heiftarlegum stríðum og átökum áratugina þar á undan.

Evrópusambandið er því í reynd stærsta framfara- og öryggisskrefið fyrir íbúa Evrópu, líka okkur, sem tekið hefur verið í sögu hennar.

Má minna á þá staðreynd, að Evrópubúar eru nú aðeins 7% af jarðarbúum, og mun þetta hlutfall fara niður í 4,5% um næstu aldamót. Er því afar brýnt fyrir framtíðaröryggi Evrópu, að þjóðir hennar myndi eina og sterka sameiginlega fylkingu, til að standa af sér ógnir og ágang annarra afla í óvissri framtíð. Ekki með byggingu múra, heldur með samstilltu afli, sem hefur styrk til að verja Evrópu, siðmenningu hennar og mannlíf, af hófsemd en festu, og hefur getu til að hjálpa þjóðum utan Evrópu til sjálfsbjargar.

> **Með þessu skipa bæði VG, sem á að vera vinstri grænn flokkur, og Framsókn, sem á að vera miðjuflokkur, sér á bekk með helztu öfga- og ofstækisöflum álfunnar, sem er ótrúlegt og óskiljanlegt.**

Einnig verður að minna á, að það er einmitt Evrópa, sem hefur tryggt okkur hér á Íslandi þær framfarir og þá hagsæld, sem við höfum náð, eftir hrunið, en frjáls og tollalaus aðgangur okkar að ESB mörkuðunum hefur tryggt okkur beztu möguleg viðskiptakjör fyrir afurðir okkar og þjónustu, enda fara 80-90% þeirra til Evrópu.

Þrátt fyrir ofangreindar staðreyndir leyfir ný ríkisstjórn sér að taka þessa afstöðu til Evrópusambandsins í stjórnarsáttmálanum: „Hagsmunum Íslands er bezt borgið með því að standa áfram utan Evrópusambandsins.“



Með þessu skipa bæði VG, sem á að vera vinstri grænn flokkur, og Framsókn, sem á að vera miðjuflokkur, sér á bekk með helztu öfga- og ofstækisöflum álfunnar, sem er ótrúlegt og óskiljanlegt.

Evrópusambandið hefur lagt mikla áherzlu á að stöðva alþjóðleg stórfyrirtæki í verðsamráði á kostnað neytenda, fyrirbyggja misnotkun og yfirkeyrða verðlagningu fyrirtækja, sem hafa nánast einokunaraðstöðu, eins og Microsoft, knýja stórfyrirtæki til að greiða sanngjarna skatta í Evrópu, í þágu almennings, eins og Apple, tryggja evrópskum neytendum öryggi og velferð varðandi tæknivörur, matvörur og aðrar neytendavörur, með skýrum gæða- og öryggisstöðlum, stöðva arðrán sumra þjónustufyrirtækja, t.a.m. símafyrirtækja, sem beittu óhæfilegu reikigjaldi á farsímanotendur o.s.frv., en með þessari miklu og öflugu neytendavernd og afstöðu með neytendum og almenningi í Evrópu, gegn auðvaldi og yfirgangi sumra stórfyrirtækja, hafa allir aðrir evrópskir vinstri og miðjuflokkar fagnað og stutt starf og uppbyggingu ESB af alhug.

Katrín og Sigurður Ingi, það er margt gott hjá ykkur í stjórnarsáttmálanum, einkum í innlendum málefnum og dýra- og umhverfisvernd, en þið getið ekki verið þekkt fyrir þessa afstöðu til Evrópu. Sjálfstæðisflokkurinn er hins vegar við sitt rétta heygarðshorn.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT



Thelma Björg Björnsdóttir og Helgi Sveinsson með viðurkenningar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ár þar sem allt fór samkvæmt áætlun

**Spjótkastarinn Helgi Sveinsson úr Ármanni og sundkonan Thelma Björg Björnsdóttir úr Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík voru í gær útnefnd íþróttafólk ársins af Íþróttasambandi fatlaðra á heiðurshófi á Hótel Sögu.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Það verður ekkert þreytandi að taka á móti heiðursnafnbótinni Íþróttamaður ársins, þrátt fyrir að vera að gera það þriðja árið í röð. Þetta sagði spjótkastarinn Helgi Sveinsson eftir að hafa fengið útnefningu Íþróttamanns ársins í gær. „Það er alltaf jafn gaman að fá viðurkenninguna, það er mikill heiður og ég er ánægður með það,“ sagði Helgi.

Sundkonan Thelma Björg Björnsdóttir var valin Íþróttakona ársins, en hún var nýkomin frá Mexíkó þar sem hún keppti á Heimsmeistaramóti í 50 m laug, setti Íslandsmet og náði sér í ein bronsverðlaun. Thelma setti 23 Íslandsmet á árinu sem og tvö heimsmet í 25 m laug, í 800 m bringusundi og 200 m baksundi. Hún sagðist ánægð með árið og það væri ekkert sem hefði getað farið betur, það hefði verið fullkomið. En hvað ætlar hún að gera á næsta ári, ef þetta var fullkomið? „Bara reyna að vinna verðlaun og EM sem er í Dublin á Írlandi,“ sagði Íþróttakona ársins, Thelma Björg.

### Bætti eigið heimsmet

Helgi átti frábært ár þar sem hann setti heimsmet í sínum flokki á móti á Ítalíu í vor. Helgi bætti eigið met um tæpa tvo metra og kastaði 59,77 metra. Hann vann til silfurverðlauna á Heimsmeistaramótinu í London þar sem hann setti Heimsmeistaramótsmet í flokki F42 með kasti upp á 56,74 metra, en hann keppti í flokki F44 á mótinu. Hann vann einnig til gullverðlauna á þremur mótum. Hvað er minnisstæðast frá liðnu ári hjá þessum frábæra íþróttamanni? „Það sem stóð klárlega upp úr á árinu hjá mér er heimsmetið sem ég setti í Rieti fyrr í sumar, það er númer eitt.“

### Vill vera fyrstur yfir 60 metra

„Nei, þetta fór eiginlega nánast samkvæmt plani,“ sagði Helgi aðspurður hvort það væri eitthvað sem hefði getað farið betur. „Ég hefði náttúrulega viljað vinna Heimsmeistaramótið, það er alltaf þannig, en þetta gekk mjög vel þetta tímabil þannig að ég er mjög sáttur við það.“ Helgi sigraði á HM árið 2013 og vann til gullverðlauna á EM bæði 2014 og 2016. Hann er Íslands- og heimsmethafi og á haug af ýmsum verðlaunum og viðurkenningum. Er eitthvað eftir fyrir hann að vinna? „Já, það er alveg hellingur sem hægt er að stefna að og bara gaman að því. Ég ætla að verða fyrstur yfir 60 metrana og svo er að vinna medalíu á Ólympíuleikum. Það er það sem ég þarf að klára.“

> Það sem stóð klárlega upp úr á árinu hjá mér er heimsmetið sem ég setti í Rieti fyrr í sumar. Það er númer eitt.
>
> Helgi Sveinsson spjótkastari

### Hittumst að ári

Helgi hefur hlotið heiðursnafnbót Íþróttamanns ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra fjórum sinnum á síðustu fimm árum, og eins og áður segir síðustu þrjú ár. Hann var ekkert á því að þar yrði nein breyting á næstu ár, og við myndum hittast aftur á sama stað að ári. „Það er stefnan, maður reynir alltaf að gera sitt besta. Svo sjáum við í lok tímabils hvernig það fer,“ sagði Helgi Sveinsson, spjótkastari úr Ármanni og Íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

astrosyr@365.is







## Nýjast

**Olísdeild kvenna**

### Haukar - Fjölnir 28-22

**Haukar**: Guðrún Erla Bjarnadóttir 5, Maria Pereira 4, Berta Rut Harðardóttir 4, Vilborg Pétursdóttir 4, Rakel Sigurðardóttir 3.
**Fjölnir**: Andrea Jacobsen 7, Helena Ósk Kristjánsdóttir 3, Elísa Ósk Viðarsdóttir 3, Guðrún Jenný Sigurðardóttir 3.

### Fram - Selfoss 28-20

**Fram**: Elísabet Gunnarsdóttir 8, Ragnheiður Júlíusdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5.
**Selfoss**: Kristrún Steinþórsdóttir 6, Perla Ruth Albertsdóttir 5, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 3, Elva Rún Óskarsdóttir 2.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 18 | Stjarnan | 9 |
| Haukar | 17 | Selfoss | 5 |
| Fram | 14 | Fjölnir | 4 |
| ÍBV | 13 | Grótta | 2 |

**Enska úrvalsdeildin**

### Burnley - Stoke 1-0

1-0 Ashley Barnes (89.).

### Huddersfield - Chelsea 1-3

0-1 Tiemoue Bakayoko (23.), 0-2 Willian (43.), 0-3 Pedro (50.), 1-3 Depoitre (90.+2).

### Crystal Palace - Watford 2-1

0-1 Daryl Janmaat (3.), 1-1 Bakary Sako (88.), 2-1 James McArthur (90.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 46 | C. Palace | 14 |
| Man. Utd | 35 | WBA | 13 |
| Chelsea | 35 | West Ham | 13 |
| Burnley | 31 | Swansea | 12 |

### FH GETUR EKKI KVARTAÐ

Í síðustu viku var greint frá því að FH fengi ekki krónu frá Kiel fyrir handboltamanninn efnilega, Gísla Þorgeir Kristjánsson. Samningur Gísla við FH rennur út í vor og hann gengur þá í raðir Kiel. Hjörtur Hjartarson ræddi um mál Gísla við umboðsmanninn Arnar Frey Theodórsson í Akraborginni. „Þetta kemur niður á einn punkt. Hvað segir samningurinn hans? Þegar menn semja hljóta þeir að vera sammála því sem er í samningnum. Ef þetta er ekkert rætt í samningnum eða í samningaferlinu hljóta menn að vera sáttir með þessa niðurstöðu. Þú getur ekkert kvartað. Þú samdir svona og þannig er það bara,“ segir Arnar. FH getur sótt um uppeldisbætur fyrir Gísla til EHF. Arnar hefur ákveðnar skoðanir á þeim. „Þau eru frekar skrítin að mínu mati og kolólögleg. Segjum að Gísli fari næsta sumar og það er ekki búið að semja um þessi uppeldisgjöld við félagið þarf samt að borga FH fyrir samningslausan leikmann. Bosman-málið var um þetta. Samt er handboltinn enn með þessar reglugerðir.“



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Keflavík - Haukar | Sport 5 |
| 19.50 | Liverpool - WBA | Sport |
| 19.50 | Man. Utd. - B'mouth | Sport 2 |
| 19.50 | West Ham - Arsenal | Sport 3 |
| 20.05 | Valur - Stjarnan | Sport 4 |

**Frumsýningar leikja**

| | | |
|---|---|---|
| 22.00 | Newcastle - Everton | Sport |
| 23.30 | S'ton - Leicester | Sport 3 |
| 23.40 | Tottenham - Bright. | Sport 2 |
| 23.40 | Swansea - Man. City | Sport |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Valur - Snæfell | Valshöll |
| 19.15 | Keflavík - Haukar | TM Höllin |
| 19.15 | Breiðab. - Njarðvík | Smárinn |
| 19.15 | Skallag. - Stjarnan | Borgarnes |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. desember 2017

46. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Blessun að vera ekki með „óheyrilega lága vexti“

**Svigrúm til að lækka eiginfjárhlutföll stóru viðskiptabankanna er minna en af hefur verið látið, segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Bankarnir séu ekki „einhver gullkista sem leysi hvers manns vanda“. Raunhæft að langtímaraunvextir haldi áfram að lækka og að slakað verði á innflæðishöftunum á næstu misserum.** » 6-8



»2

## Geta fengið 550 milljóna bónus

Hluthafar Klakka, sem á Lykil, samþykktu kaupaukakerfi fyrir níu stjórnendur og stjórnarmenn félagsins. Lífeyrissjóðir eiga um 6 prósenta hlut en mættu ekki til að greiða atkvæði.

»2

## Krónan ætlar í samkeppni við Eldum rétt

Stjórnendur Krónunnar vinna að þróun tveggja vörulína sem munu innihalda hráefni í máltíðir sem viðskiptavinir elda sjálfir. Önnur þeirra mun heita Núna og verður seld í Krónunni.

»4

## Fjárfesting Skeljungs innspýting og útlit fyrir hagnað

Framkvæmdastjóri Heimkaups segir fjárfestingu Skeljungs í Wedo ehf. nauðsynlega til að fjölga vöruflokkum. Vörunúmerin 36 þúsund talsins. Útlit fyrir jákvæða afkomu eftir taprekstur síðastliðin ár.







Festi á og rekur sautján verslanir Krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krónan ætlar í samkeppni við Eldum rétt á næsta ári

Stjórnendur Krónunnar vinna nú samkvæmt heimildum Markaðarins að þróun tveggja vörulína sem munu innihalda hráefni í máltíðir sem viðskiptavinir elda sjálfir. Önnur þeirra mun heita Núna og verður seld í Krónunni og öðrum verslunum Festar, næststærsta smásölufélags landsins.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hefur verið unnið að þróun vörulínanna undanfarna mánuði. Matreiðslufólk hafi samið uppskriftir að ólíkum réttum og stjórnendur verslunarfyrirtækisins vilji meðal annars bjóða vörur sem taki skemmri tíma að elda en aðrar sambærilegar á markaðnum.

Jón Björnsson, forstjóri Festar, vildi ekki tjá sig um málið þegar blaðamaður náði tali af honum í gær. Fyrirtækið rekur sautján verslanir Krónunnar en einnig Elko, Kjarval og Nóatún. Samkeppniseftirlitið hefur nú til rannsóknar áhrif samruna Festar og olíufélagsins N1. Skrifað var undir kaupsamning í byrjun október. Samkvæmt samkomulaginu er heildarvirði Festar 37,9 milljarðar króna.

Eignarhaldsfélagið Basko, sem á og rekur meðal annars 10-11 verslanirnar, á nú í viðræðum um kaup á meirihluta í Eldum rétt, eins og sagt var frá í Markaðnum í síðustu viku og að velta Eldum rétt í fyrra hefði numið nærri 600 milljónum. Fyrirtækið var stofnað í ársbyrjun 2014 og hefur verið leiðandi í sölu á hráefnum og uppskriftum sem viðskiptavinir elda þegar heim er komið. Það er í eigu Vals Hermannssonar og Kristófers Júlíusar Leifssonar. Vinsældir Eldum rétt hafa farið sívaxandi en á árinu 2016 námu tekjur fyrirtækisins samtals tæplega 570 milljónum og meira en fjórfölduðust frá fyrra ári. Þá nam hagnaður félagsins um 78 milljónum eftir skatt borið saman við aðeins níu milljóna króna hagnað á árinu 2015. Hagnaðurinn fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var um 104 milljónir í fyrra.

Stærsti hluthafi Basko er framtakssjóðurinn Horn III, sem er í rekstri Landsbréfa, með 80 prósenta hlut en Árni Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, á samanlagt um 18 prósenta hlut. Hermann Már Þórisson, framkvæmdastjóri Horns III, vildi í samtali við Markaðinn í síðustu viku ekkert tjá sig um viðræðurnar. Auk þess að vera eigandi rekstrarfélags Tíu ellefu hf. á Basko félög sem reka meðal annars verslanir undir merkjum Iceland, kaffihús Dunkin' Donuts og hamborgarastaðinn Bad Boys Burgers & Grill. – hg



Jón Björnsson, forstjóri Festar.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang visir.is




# Geta fengið um 550 milljóna króna bónus

**Hluthafar Klakka, sem á Lykil, samþykktu kaupaukakerfi fyrir níu stjórnendur og stjórnarmenn félagsins. Lífeyrissjóðir eiga um 6 prósenta hlut en mættu ekki til að greiða atkvæði um kerfið. Hafa stutt stjórnarmann sem á rétt á bónus.**

Stjórnendur og stjórnarmenn Klakka, eignarhaldsfélags sem heldur utan um 100 prósenta hlut í eignaleigufyrirtækinu Lykli, áður Lýsing, geta fengið samanlagt um 550 milljónir króna í bónus í tengslum við væntanlega sölu á Lykli og vegna annarra eigna félagsins sem hafa verið seldar á síðustu árum. Langsamlega stærsti eigandi Lykils er bandaríski vogunarsjóðurinn Davidson Kempner en ýmsir íslenskir lífeyrissjóðir eiga einnig samtals um sex prósenta hlut í Klakka.

Á hluthafafundi Klakka síðastliðinn mánudag var samþykkt tillaga að kaupaukakerfi sem var lögð fram af stjórn félagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins, sem nær til þriggja starfsmanna, meðal annars forstjórans Magnúsar Schevings Thorsteinssonar, og sex manna stjórnar Klakka en í henni eiga sæti fjórir Íslendingar. Gangi tilteknar forsendur eftir sem kaupaukakerfið grundvallast á, en upphafsdagur þess miðast við 17. mars 2016, gætu heildarbónusgreiðslur til þessara níu stjórnenda félagsins numið allt að 4,42 milljónum evra, jafnvirði tæplega 550 milljóna íslenskra króna. Stjórnendur Klakka gætu því fengið að meðaltali yfir 60 milljónir króna á mann í sinn hlut í bónus.

Lífeyrissjóðir í hluthafahópi Klakka sendu ekki fulltrúa á fundinn til að greiða atkvæði um kaupaukakerfið, samkvæmt heimildum Markaðarins. Kristján B. Thorlacius, hæstaréttarlögmaður og einn stjórnarmanna Klakka, hefur verið studdur af sjóðunum í stjórn félagsins en hann er á meðal þeirra sem bónuskerfið nær til.

**55%**
**af bónuspottinum falla í skaut stjórnarmanna Klakka.**

Samkvæmt skilmálum kerfisins eiga starfsmenn Klakka tilkall til þess að fá 45 prósent af bónuspottinum á meðan stjórnarmennirnir sex fá 55 prósent af heildarbónusgreiðslunum. Auk Magnúsar eru starfsmenn Lykils þau Jón Örn Guðmundsson fjármálastjóri og Brynja Dögg Steinsen rekstrarstjóri. Stjórnarformaður Klakka til margra ára er Pétur J. Eiríksson en aðrir Íslendingar, fyrir utan Kristján, sem sitja í stjórninni eru Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skipta og Húsasmiðjunnar, og Gunnar Þór Þórarinsson, lögmaður hjá Logos. Þá situr Matt Hinds, sem var einn helsti ráðgjafi kröfuhafa Glitnis um árabil, einnig í stjórninni en hann hefur unnið náið með stjórnendum Klakka við sölu á eignum félagsins.

Í dag er Lykill nánast eina eign Klakka en flestar aðrar eignir, meðal annars hlutir í VÍS, Símanum og Bakkavör, hafa verið seldar á síðustu árum. Eignaleigufyrirtækið hefur verið sett í opið söluferli og verður óskað eftir skuldbindandi tilboðum í mars næstkomandi og í framhaldi af því gengið til samninga við hæstbjóðanda. Samkvæmt heimildum Markaðarins ræðst heildarfjárhæð bónuspottsins til stjórnenda Klakka ekki aðeins af niðurstöðu söluferlisins á Lykli heldur einnig þeim endurheimtum sem hafa nú þegar skilað sér við sölu á öðrum eignum félagsins á undanförnum árum. Á síðasta ári nam hagnaður Lykils 1.360 milljónum króna og eigið fé félagsins var tæplega 14 milljarðar um mitt þetta ár.

Auk þess að eiga í vændum bónusgreiðslur þá hafa starfsmenn Klakka verið afar vel launaðir um langt skeið. Samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar námu mánaðarlaun Magnúsar 4,6 milljónum króna í fyrra og Jón Örn, fjármálastjóri félagsins, var með 3,3 milljónir. Heildarlaunakostnaður þriggja starfsmanna og stjórnar Klakka var 104 milljónir á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

Stærsti eigandi Klakka er sem fyrr segir vogunarsjóðurinn Davidson Kempner, í gegnum írska skúffufyrirtækið Burlington Management, en samanlagt á sjóðurinn um 75 prósenta hlut í félaginu. Vogunarsjóðurinn, sem var einn stærsti kröfuhafi föllnu viðskiptabankanna, bætti verulega við eignarhlut sinn í félaginu í fyrra þegar hann keypti samanlagt rúmlega 60 prósenta hlut af Arion banka, Lindarhvoli, eignarhaldsfélagi ríkissjóðs, og Glitni HoldCo. Auk ýmissa íslenskra lífeyrissjóða eru aðrir hluthafar Klakka í dag BNP Paribas, erlendur sjóður í stýringu fjárfestingafélagsins CarVal, og félög á vegum bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona og Sigurðar Valtýssonar, viðskiptafélaga þeirra og fyrrverandi forstjóra Exista.

hordur@frettabladid.is




# Telja bréf Marel undirverðlögð

Greiningardeild Arion banka ráðleggur fjárfestum að kaupa í Marel og verðleggur bréf félagsins á 412 krónur á hlut. Það er tæplega 30 prósentum hærra verð en sem nam gengi bréfa framleiðslufyrirtækisins við lokun markaða í gær.

Samkvæmt nýju verðmati greiningardeildarinnar á Marel, sem er dagsett 11. desember og Markaðurinn hefur undir höndum, segir að afkoma fyrirtækisins á þriðja ársfjórðungi hafi að mestu verið í samræmi við væntingar. Ekkert hafi þar komið fram sem hefði átt að leiða til lækkunar á bréfunum eða gefa til kynna að það yrði eftirbátur samkeppnisaðila sinna á neinn hátt. Fyrirtækið sé, ef eitthvað er, undirverðlagt á hlutabréfamarkaði og ekki síst þegar horft sé til væntinga þess fyrir næsta ár.

Greiningardeildin telur einungis tímaspursmál hvenær erlendir fjárfestar fari að auka hlut sinn í félaginu. Sala fyrirtækisins á þessu ári muni vera örlítið minni en í eldri spá bankans í byrjun ágúst en árið 2018 koma betur út en í þeirri sömu spá. Stærð pantanabókar Marel eigi að tryggja stöðugan vöxt alveg inn í 2019. – hg



Árni Oddur Þórðarson er forstjóri Marel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Við kynnum nýja kynslóð A3 fjölnotaprentara!

## Öruggir. Skilvirkir. Í lit.

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýja HP fjölnotaprentaranum sem gjörbyltir prentiðnaðinum með lágum kostnaði per prentaða blaðsíðu. Nýju HP fjölnotaprentararnir státa af framúrskarandi öryggi, hámarka notkunartíma og tryggja sem besta framleiðni.

### Öryggi

Vertu tilbúinn í ný lög á sviði persónuverndar með prentlausn sem er á verði allan sólahringinn. Sjálvirkt eftirlit og öryggi í rauntíma (WIP).

### Skilvirkni

Meiri afköst, hraðvirkari útprentun, ódýrari rekstur og umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.

### Í lit

Björt og skýr lita- eða svart/hvít útprentun með lægri kostnaði á blaðsíðu.

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

VERT.IS

# Fjárfesting Skeljungs innspýting og útlit fyrir að Heimkaup skili hagnaði

**Framkvæmdastjóri Heimkaups segir fjárfestingu Skeljungs í Wedo ehf. nauðsynlega til að fjölga vöruflokkum. Vörunúmerin 36 þúsund talsins. Útlit fyrir jákvæða afkomu eftir taprekstur síðastliðin ár.**


Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Heimkaups, segir neytendur hafa haldið að sér höndum fram að opnun Costco. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Þessi innspýting kemur að góðum notum en við ætlum að fjölga vöruflokkum og til þess þarf fjármagn,“ segir Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri Wedo ehf., sem á og rekur vefverslanirnar Heimkaup, Hópkaup og Bland, um kaup Skeljungs á þriðjungshlut í fyrirtækinu í hlutafjáraukningu síðasta föstudag upp á 280 milljónir króna.

„Við þurfum meira fjármagn til að auka úrval og nýta nýtt samstarf okkar við Euronics til fulls. Svo er rétt að benda á að Skeljungur á gríðarlega mikið af góðum staðsetningum og við sjáum ákveðin tækifæri í nýtingu þeirra.“

Wedo hefur eins og kom fram í tilkynningunni um fjárfestingu Skeljungs vaxið ört á undanförnum árum. Áætluð velta í ár er um 1,1 milljarður króna en í fyrra nam hún 830 milljónum. Fyrirtækið var þá rekið með 103 milljóna króna tapi og neikvæðri afkomu upp á 156 milljónir árið 2015. Í hluthafahópi þess má meðal annars finna Guðmund, Inga Guðjónsson, fjárfesti og fyrrverandi forstjóra Lyfju, Fjölvar Darra Rafnsson, stjórnarformann Wedo, og greiðslumiðlunarfyrirtækið Netgíró.

„Við skríðum yfir núllið í ár í fyrsta sinn og sjáum fram á jákvæða EBITDA. Fyrri partur ársins var svolítið erfiður hjá okkur en eftir mitt ár fór þetta á flug og það eru að mínu mati nokkrar ástæður fyrir því. Ein ástæðan er sú að við fundum fyrir tregðu á markaðnum áður en Costco opnaði. Eftir opnun hjá þeim og frá júlí og til dagsins í dag erum við með gríðarlega aukningu,“ segir Guðmundur.

Samstarfið við Euronics, sem er innkaupasamband 8.800 verslana í Evrópu, tryggir Heimkaup að sögn Guðmundar betra innkaupsverð í krafti stærðar sambandsins hjá öllum stærstu raftækjaframleiðendum heims. Augljóst er að hann vill auka vöruúrval enn frekar og telur það lykilinn að frekari vexti fyrirtækisins. Verslunin er nú með um 36 þúsund vörunúmer á lager sem er aukning um rúmlega ellefu þúsund síðan á sama tíma í fyrra.

„Hvern einasta dag erum við að bæta við 45-50 númerum. Ef við setjum þessa tölu í samhengi og tökum dæmigerða Bónusverslun sem dæmi þá eru hún með í kringum 3.500 vörunúmer á lager. Íslenskur stórmarkaður sem gerir út á úrval er með 15 þúsund númer. Þegar við horfum á næsta ár þá ætlum við að auka úrvalið og þannig söluna og við stækkum.

Við vorum um tíma í hefðbundinni smásölu og áttum Skífuna og Gamestöðina. Þá áttum við erfitt með að samnýta innviði á þann hátt að úr því yrðu alvöru samlegðaráhrif. Það sem við ákváðum var að draga okkur út úr hefðbundinni smásölu og fjárfesta í netverslun. Hinir svokölluðu „pure play“ aðilar, eða þeir sem setja öll sín egg í sömu körfuna, eru að ná meiri árangri en þeir sem eru með alla anga úti.“

> **Við skríðum yfir núllið í ár í fyrsta sinn og sjáum fram á jákvæða EBITDA.**

Aðspurður hvaða fyrirtæki Heimkaup eigi helst í samkeppni við nefnir Guðmundur fyrst Elko og síðan minni vefverslanir eins og Skór.is og Aha.is Aftur á móti er niðurstaðan sú að þeirra helsti keppinautur sé Amazon og aðrir erlendir vefverslunarrisar.

„Elko er að gera fína hluti á netinu og er öflugt fyrirtæki. Við erum að fara í mikla samkeppni við þá og það sjá allir sem vilja. Amazon er aftur á móti miklu stærri samkeppnisaðili og við leggjum mikla áherslu á að heimsendingin okkar sé samdægurs. Það er náttúrulega vegna þess að ef ég ætla að koma heim til þín eftir tvo til þrjá daga er ég kominn nálægt því sem þeir eða ASOS eða aðrir geta boðið. Við horfum því meira út fyrir landsteinana þegar kemur að samkeppnisaðilum,“ segir Guðmundur.

„Mín skoðun er einföld eða að íslenskar vefverslanir hafi ekki boðið nógu gott úrval, verð og þjónustu. Það rek ég til þess að upp úr 2007 voru miklar breytingar hér á Íslandi þar sem þessir stóru smásalar enduðu allir í fanginu á bönkum og lífeyrissjóðum og þar var kannski minni áhugi á nýjungum sem á sama tíma hefðu keppt við þeirra eigin infrastrúktúr. Þar sem var fyrirséð að menn þyrftu að borga með sér í einhvern tíma. Þess vegna vil ég meina að þetta hafi verið á framboðsendanum frekar en að Íslendingar hafi verið minna reiðubúnir til að nýta sér vefverslun.“ **haraldur@frettabladid.is**






## Salan á Medis í höndum Citibank

Ísraelska samheitalyfjafyrirtækið Teva er sagt hafa ráðið hinn bandaríska Citibank til að selja lyfjasölufyrirtækið Medis fyrir marslok 2018. Medis er til húsa í Hafnarfirði og af 100 manna starfsliði fyrirtækisins starfa um 85 hér á landi.

Samkvæmt frétt Goinpharma hækkuðu hlutabréf í Teva um fimm prósent við opnun markaða 1. desember. Þann dag hafi komið upp kvittur um að Citibank hefði verið fenginn til verksins. Tekjur Medis í fyrra hafi numið 300 milljónum dala, um 31 milljarði króna, og rekstrarhagnaður (EBITDA) verið um 50 milljónir evra eða rúmir sex milljarðar.


Höfuðstöðvar lyfjasölufyrirtækisins Medis eru í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Markaðurinn fjallaði í ágúst síðastliðnum um að starfsmönnum Medis hefði verið tilkynnt að til stæði að selja starfsemina. Teva eignaðist Medis þegar fyrirtækið tók yfir Actavis Generics, samheitalyfjahluta Allergan, síðasta sumar. Medis selur lyf og lyfjahugvit Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim eða alls um 190 vörur sem seldar eru í yfir eitt hundrað löndum undir merkjum viðskiptavina Medis. Fyrirtækið var stofnað hér á landi árið 1985. Í fréttinni kom einnig fram að samkvæmt heimildum fréttaveitu Bloomberg gæti fyrirtækið verið metið á milli 500 til 1.000 milljónir Bandaríkjadala. **– hg, kij**




**-20% AF A7 RAFMAGNSBORÐUM**

Með tveim mótorum, minnisstýringu og 5 ára ábyrgð.
Fjöldi stærða og lita í boði.

**Tilboðsverð frá: 81.360 kr.**

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SKRIFSTOFUSTÓLUM

wagner

**ÞÝSK HÖNNUN**
**EINSTÖK GÆÐI**

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Sjúkraþjálfun Íslands
Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Topstar bewegt!




**ERGO MEDIC**
Frá 169.900
**Nú 135.920**
Höfuðpúðar seldir sér




**ALUMEDIC**
Frá 196.900
**Nú 157.520**
Höfuðpúðar seldir sér




**HEADPOINT**
Frá 71.900
**Nú 53.900**



„Síðast þegar við vorum með slíkt vaxtastig, um miðjan tíunda áratuginn, var slaki í hagkerfinu. Það eru því að verða hérna feikilega miklar breytingar," segir Már. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Bankakerfið er ekki „einhver gullkista"

**Raunhæft er að langtímavextir lækki enn frekar, segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Íslendingar búi samt sem betur fer við þá „blessun" að vera ekki með jafn lága vexti og í viðskiptalöndum okkar. Svigrúm til að lækka eigið fé bankanna minna en margur heldur. Seðlabankinn ekki með nægjanlega mikla yfirsýn yfir stöðu bankanna sem mætti tryggja betur með nánara samstarfi við FME.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Svigrúm til að lækka eiginfjárhlutföll stóru viðskiptabankanna er minna en af hefur verið látið í umræðunni. Íslensku bankarnir þurfa að vera með há eiginfjárhlutföll þannig að þeir geti staðið af sér stór högg og þar á ekki að bera okkur saman við evrópska bankakerfið enda hafi það verið undirfjármagnað um langt skeið. Þetta segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri en hann bendir á að Ísland sé að upplifa „ feikilega miklar breytingar" þegar kemur að vaxtastiginu þar sem langtímavextir séu í sögulegu lágmarki á sama tíma og það hefur verið mikil uppsveifla í efnahagslífinu. Það sé „algjörlega raunhæft" að langtímaraunvextir haldi áfram að lækka en hins vegar búi Íslendingar sem „betur fer við [þá] blessun" að vera ekki með jafn „óheyrilega lága" vexti og verið hafa í helstu viðskiptalöndum okkar síðustu ár.

Í viðtali við Markaðinn, sem var tekið 29. nóvember síðastliðinn, daginn áður en ný ríkisstjórn tók formlega til starfa, hafnaði Már þeirri gagnrýni að innflæðishöftin í núverandi mynd valdi því að vextir til heimila og fyrirtækja séu hærri en ella. Forsendur ættu samt að skapast á „komandi misserum" til að slaka á höftunum þegar vaxtamunur Íslands við útlönd minnkar.

*Verðbólga hefur mælst undir markmiði Seðlabankans í næstum fjögur ár og án húsnæðis þá hefur jafnvel verið meiri verðhjöðnun hér á landi en í mörgum nágrannaríkjum. Þið hafið talið um að sígandi lukka sé best en má ekki segja að hún gangi ansi hægt fyrir sig og að peningastefnunefndin hafi verið á eftir kúrfunni þegar kemur að vaxtalækkunum?*

> **Þá geta þeir sagt: sjáið hvað við erum miklir töframenn og farið fram á háa bónusa en afleiðingin er sú að bankarnir eru að lokum holaðir að innan**

„Nei, það held ég ekki. Lukkan felst í efnahagslegum stöðugleika og staðan í okkar hagkerfi er einfaldlega sú að við höfum verið með nýmarkaðshagvöxt og þess vegna hefur það verið réttlætanlegt að fara varlega í vaxtalækkunarferlið – jafnvel þótt verðbólgan hafi verið undir markmiði lengur en ella. Það hefði verið óvarlegt ef við hefðum horft fram hjá hagsveiflunni og aðeins einblínt á verðbólguna. Það gleymist stundum að peningastefnan er ekki bara einhver verkfræði heldur ekki síður áhættustjórnun. Og í dag felst sú áhætta í mögulegri ofhitnun hagkerfisins."

Már segir að það „skipti ekki máli" hver verðbólgan sé án húsnæðisliðarins. „Hann er hluti af okkar verðbólgumarkmiði. Þannig var það ákveðið í samkomulaginu sem við gerðum við ríkisstjórnina í mars 2001 sem fékk síðan skýra lagastoð í maí sama ár. Það samkomulag er enn í gildi. Allar ríkisstjórnir frá þeim tíma hafa haft tækifæri til að hefja viðræður við Seðlabankann um endurskoðun þess samkomulags en engin hefur hins vegar enn séð ástæðu til að gera það."

## Vextir í sögulegu lágmarki

Það var eftir því tekið á fundi Viðskiptaráðs um miðjan síðasta mánuð þegar Már sagði kollega sína á Norðurlöndunum „krjúpa á kné og biðja til Guðs um að geta verið með íslenskt vaxtastig". Með öðrum orðum að Ísland væri öfundsvert af vaxtastiginu. Spurður út í þessi ummæli segir Már að hann hafi verið að vekja athygli á því að vextir í okkar helstu viðskiptalöndum – Bandaríkjunum og evrusvæðinu – hafa um langt skeið verið í sögulegu lágmarki.

„Þetta hefur verið talið nauðsynlegt til að örva eftirspurn af því að öfugt við okkur á Íslandi þá hafa þessi ríki búið við lítinn hagvöxt og mikinn slaka. Menn hafa hins vegar haft vaxandi áhyggjur af þeim neikvæðu hliðarverkunum sem þessir lágu vextir geta haft á fjármálastöðugleika. Heimilin skuldsetji sig of mikið samhliða hækkandi fasteignaverði og þegar vextir fara að hækka á ný, sem mun að lokum gerast, þá geti þau mörg hver lent í greiðsluerfiðleikum. Við sjáum að þetta er að gerast í löndum eins og Svíþjóð þar sem húsnæðisverð hefur þar til nýlega hækkað mikið og heimilin eru verulega skuldsett."

*En þar hefur seðlabankinn samt ekki verið að bregðast við með hærri vöxtum en ella eins og peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur gert?*

„Seðlabankinn þar í landi telur, réttilega að mínu viti, að það yrði erfitt fyrir að Svíþjóð að vera með mikinn vaxtamun gagnvart evrusvæðinu. Það myndi strax brjótast út í mikilli hækkun gengisins. Öfugt við okkur þá hefur vandamál þeirra einkum verið hættan á því að verðbólguvæntingar myndu festast umtalsvert undir markmiði seðlabankans. Á fundum sem ég sæki með seðlabankastjórum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og Evrópska kerfisáhætturáðinu stendur upp úr að allir hafa miklar áhyggjur af þessum lágu vöxtum og þeirri áhættu sem þeir skapa fyrir fjármálastöðugleika. Ef menn komast þess vegna undan því að vera með svona óheyrilega lága vexti þá er það bara blessun. Og við búum sem betur fer við þessa blessun," segir Már.

Þrátt fyrir að vextir séu talsvert hærri hér á landi en í helstu viðskiptalöndum okkar þá eru þeir engu að síður, útskýrir seðlabankastjóri, um þessar mundir lítillega lægri en sögulegt meðal-

### Endurskoða fjárfestingastefnu gjaldeyrisforðans

Eitt af stefnumálum nýrrar ríkisstjórnar er að stofna Þjóðarsjóð utan um arð af auðlindum, þar sem byrjað verður á orkuauðlindum, en hlutverkið verður að byggja upp viðnám til að mæta fjárhagslegum áföllum. Sumir hafa hins vegar talað fyrir því að ganga lengra, meðal annars Lilja Alfreðsdóttir, núverandi menntamálaráðherra og fyrrverandi starfsmaður Seðlabankans, og viljað skoða að ráðstafa hluta af gjaldeyrisforða Seðlabankans inn í slíkan sjóð. Már segir að sér lítist „ágætlega á þær hugmyndir sem eru á borðinu hjá ríkisstjórn" en telur að það yrði að skoða það „mjög vandlega" áður en stigið yrði skref í þá átt að nýta gjaldeyrisforðann.

„Þegar allt er skoðað varðandi stærð gjaldeyrisforðans þá er alls ekki augljóst að hann sé of stór. Ef við horfum til lítilla og meðalstórra ríkja þá er algengt að þau séu með gjaldeyrisforða sem nemur um þriðjungi af landsframleiðslu. Við erum einmitt á þeim stað í dag og þess vegna held ég að forðinn sé ekkert of stór. Við megum ekki gleyma því að við erum, vegna smæðar okkar og einhæfs atvinnulífs, með sveiflukenndara hagkerfi en mörg önnur ríki og ef það verður til dæmis áfall í ferðaþjónustu getur það stórlega dregið úr útflutningstekjum okkar til skamms tíma."

Það fylgir því umtalsverður vaxtakostnaður fyrir Seðlabankann að halda úti forða sem nemur þriðjungi af landsframleiðslu en Már segir að þá séu líkurnar á því að nota þurfi mjög stóran hluta af gjaldeyrisforðanum á einhverjum tímapunkti minni en ella. „Það skapar möguleika á því," útskýrir Már, „að skipta forðanum upp í þrjá hluta. Einn hlutinn samanstæði þá af mjög öruggum eignum sem væru alltaf tiltækar innan dags. Öðrum hluta yrði ráðstafað í áhættusamari og lengri fjárfestingar sem gætu gefið betri ávöxtun og að lokum væri þriðji hlutinn settur í fjárfestingar til verulega langs tíma. Við höfum upp á síðkastið verið að vinna í því að fara yfir rammann á fjárfestingastefnu gjaldeyrisforðans í þeim tilgangi að ná betri ávöxtun án þess þó að taka of mikla áhættu."

# Fólk

Jól

MIÐVIKUDAGUR 13. DESEMBER 2017



Jón og Siggi hjá JS Ljósasmiðju hafa gríðarlega reynslu og bjóða fjölbreytta þjónustu. MYNDIR/EYÞÓR

# Áratuga reynsla og einstök þjónusta

Jón Guðbjörnsson, annar eigandi JS Ljósasmiðju, segir að verkefni fyrirtækisins séu mjög árstíðabundin, en aðaláherslan sé á jólaskreytingar og vélaviðgerðir, sem hann hefur sinnt í um tvo áratugi. →2









JS Ljósasmiðja selur alls kyns fallegt jólaskraut.




Halastjörnuskraut setur fallegan og jólalegan svip á bæinn.



Leiðiskrossarnir eru vinsælir hjá JS Ljósasmiðju.



Margir skreyta leiði með ljóskrossum um jólin.

Framhald af forsíðu ➪

Jón Guðbjörnsson og Sigurður Vilhjálmsson eru eigendur JS Ljósasmiðju, sem sérhæfir sig í vélaviðgerðum og jólaskreytingum fyrir leiði og ljósastaura. Þeir segja að vinnan sé mjög breytileg eftir árstíðum.

## Gera stauraskraut fyrir bæi og bæjarfélög

„Við erum fyrst og fremst í vélaviðgerðum,“ segir Jón. „Upphaflega vorum við í viðgerðum á sláttuvélum og smávélamótorum og ýmsu þannig, en það var mjög árstíðabundið, þannig að fyrir um fimmtán árum fórum við að gera ljóskrossa fyrir leiði og jólaskraut á ljósastaura og ýmislegt svoleiðis. Það hefur svo undið upp á sig, ekki síst salan á leiðiskrossunum, en við erum þeir einu sem framleiða ljós í þessari útfærslu hér á landi.

Yfir vetrartímann vinnum við mikið í leiðisljósum,“ segir Jón. „Við förum að huga að þessu í september, en svo er það búið um áramótin. Fólk notar þessa ljóskrossa fyrir leiði aðallega sem jólaskreytingar. Við sjáum um þetta í kirkjugarðinum í Kópavogi, leigjum út krossana og sjáum alfarið um að setja þá upp og sinna viðhaldi.

Svo erum við líka að smíða ljósastauraskreytingar fyrir ýmis bæjarfélög,“ segir Jón. „Við vorum til dæmis að senda dálítinn slatta af ljósum á Tálknafjörð og Kópavogsbær keypti stóra pöntun af halastjörnum fyrir þessi jól. Við smíðuðum líka hluta af skrautinu sem er fyrir utan IKEA. Ef bæjarfélög vilja kaupa fallegar jólaskreytingar fyrir ljósastaura hjá okkur er sniðugt að fara að huga að því að panta þau núna eftir áramótin til að fá þau fyrir næstu jól.“




JS Ljósasmiðja framleiðir meðal annars þessa fjölbreyttu vindhana. MYND/ ÓLAFURHÁKONARSON

## Öllu vanir

„Á vorin breytist vinnan og þá erum við mikið meira í vélaviðgerðum, aðallega á sláttuvélum, en við sjáum um viðgerðaþjónustu fyrir Vetrarsól, sem flytur inn sláttuvélar og við seljum vélar fyrir þá líka. Svo erum við reyndar líka í reiðhjólaviðgerðum,“ segir Jón. „Svo vinnum við fyrir verktaka og gerum við alls kyns stærri verkfæri, eins og jarðvegsþjöppur, steinsagir og annað. Við sinnum líka ábyrgðarviðgerðum fyrir innflutningsfyrirtæki eins og til dæmis BYKO, Húsasmiðjuna og Bauhaus og sinnum auk þess viðgerðum fyrir bæjarfélög og áhaldaleigur.“

> **„Við erum orðnir vel sjóaðir í vélaviðgerðum og kunnumst við þetta allt saman.**

JS Ljósasmiðja var stofnuð 2001 en þá höfðu Jón og Sigurður þegar sinnt viðgerðum árum saman.

„Ég byrjaði í þessu '98 held ég, þá fór ég í þessar sláttuvélaviðgerðir,“ segir Jón. „Þannig að þetta eru orðin næstum 20 ár. Auk þess er ég líka lærður vélstjóri, þannig að við erum orðnir vel sjóaðir í vélaviðgerðum og kunnumst við þetta allt saman.

Við tökum líka að okkur alls konar smíðavinnu,“ segir Jón. „Við höfum gert mikið af sérsmíðuðum kerrum og sinnt ýmiss konar járnsmíðavinnu. Við höfum til dæmis smíðað og selt alls kyns vindhana, bæði í líki hana, hests, lax og fleira. Í rauninni getum við sinnt öllu mögulegu, það er bara um að gera að hafa samband og heyra í okkur.“

Það má segja að Jón og Sigurður hafi fundið sitt svið og tekið það föstum tökum. „Já, ég held það,“ segir Jón. „Við siglum nokkuð lygnan sjó núna.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Ruth Bergsdóttur, ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433


Er jólagjöfin hennar klár?
Verið hjartanlega velkomin í skemmtilega jólastemningu á milli kl. 17 og 21 í kvöld.
Við veitum persónulega aðstoð við að finna hina fullkomu jólagjöf fyrir hana.
Karlmenn eru boðnir sérstaklega velkomnir en að sjálfsögðu er opið hús fyrir alla.
Lifandi tónlist og léttar veitingar á meðan við pökkum inn!
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Bragðgóð og falleg jólakaka

**Jólin verða nokkuð hefðbundin hjá Eggerti Jónssyni, konditor og bakarameistara hjá ÍSAM, og fjölskyldu hans. Hér gefur hann lesendum uppskrift að jólaköku sem gaman er að prófa fyrir jólin.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Eggert Jónsson, konditor og bakarameistari hjá ÍSAM, tók þátt í laufabrauðsgerð fyrir jólin með móður sinni sem ungur strákur í Keflavík en skipti yfir í piparkökuhúsin með syni sínum þegar hann komst á fullorðinsaldur. Í dag bakar hann hins vegar allt mögulegt fyrir jólin þegar hann er í stuði, t.d. súrdeigsbrauð. „Svo er alltaf gaman að taka klassískar uppskriftir og poppa þær aðeins upp, t.d. piparkökur, sörur og marengstoppa.“

Jólin í ár verða nokkuð hefðbundin hjá Eggerti og fjölskyldu hans þar sem hann mun m.a. bjóða upp á humar, nautalund og crème brûlée í eftirrétt. Auk þess mun hann bjóða upp á heimalagaðan ís um miðnætti.

Hér gefur Eggert lesendum uppskrift að ljúffengri jólaköku.

## Jólaterta

3 botnar:

**180 g eggjahvítur**
**80 g sykur**



Eggert Jónsson, konditor og bakarameistari hjá ÍSAM. MYNDIR/STEFÁN

**100 g möndlumjöl**
**60 g kókosmjöl**
**125 g flórsykur**
**30 g hveiti**

Þeytið eggjahvítur, bætið sykrinum við og þeytið vel. Blandið restinni varlega saman við með sleif. Smyrjið á plötu og bakið við 180 gráður í 12 mínútur eða þar til botnarnir eru ljósbrúnir.

### Skyr-kókosmús

**Svissneskur marengs**

**135 g eggjahvítur**
**200 g sykur**

Setjið blönduna í vatnsbað og hitið í u.þ.b. 55 gráður. Þeytið í hrærivél og setjið í skál.



**300 g kókospúrra**
**9 g matarlímsblöð (5 blöð), hvert blað er 1,7 g**
**90 g svissneskur marengs**
**150 g rjómi**
**100 g skyr**

Setjið matarlímsblöðin í kalt vatn og léttþeytið rjómann. Hitið kókospúrruna í potti og bræðið matarlímsblöðin í púrrunni. Blandið varlega 90 g af marengsinum út í kókospúrruna ásamt skyrinu og rjómanum. Setjið kókosbotn í sílikonform og hellið kókosmúsinni yfir þangað til formið er hálft. Frystið.

### Skyr-passionmús

**10 g matarlímsblöð (6 blöð), hvert blað er 1,7 g**
**300 g passion-púrra**
**225 g svissneskur marengs**
**200 g rjómi**
**100 g skyr**

Sama aðferð og við kókosmúsina. Hellið í lítil sílikonform og frystið.

### Súkkulaðimús

**180 g mjólk**
**360 g rjómi**
**240 g mjólkursúkkulaði**
**3,5 g matarlímsblöð (2 blöð)**

Matarlímsblöðin sett í kalt vatn. Þeytið rjómann. Hitið mjólk að suðu og hellið yfir súkkulaðið og blandið saman. Bætið matarlímsblöðunum við þegar blandan er komin niður í 35 gráðu hita en þá má blanda rjómanum saman við.

Jólakakan er þannig sett saman: Hellið súkkulaðimús yfir einn kókosbotninn sem er í sílikonformi þannig að hálft formið fyllist. Setjið frosnu kókosmúsina ofan í og fyllið formið með súkkulaðimúsinni. Takið úr forminu og skreytið að vild. Setjið litlu skyr-passionmúsina ofan á kökuna.

### Kakósprey á kökuna

**300 g dökkt súkkulaði 55%**
**200 g kakósmjör**

Blandið í skál og setjið í örbylgjuofn. Brætt saman á 45-50 gráðum. Setjið í rafmagnsspreybyssu og sprautað á frosna kökuna. Þegar heit súkkulaðiblandan fer á frosna kökuna myndast hraun áferð en hægt er að nota sömu aðferð við mjólkursúkkulaði og hvítt súkkulaði. Einnig er hægt að gera þessa uppskrift með desert glösum og lagskipta réttinum.








Mikið úrval af hágæða vetrarfatnaði í jólapakkann!





Norsk ullarnærföt úr einstaklega mjúkri og teygjanlegri 100% merino ull






SPORTÍS MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS

# Einn uppi á heiði á jólunum

Hermann Bridde er 90 ára og sex mánuðum betur. Hann rifjar upp eftirminnileg jól þegar hann, 19 ára og fífldjarfur, lagði einn á stjörnubjarta Hellisheiðina á skíðum á jóladagskvöld árið 1946.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Ég á ótal jólaminningar en langar að deila hér einni af því þegar ég var einn að flækjast á Hellisheiðinni á jóladagskvöld 1946.

Ég var í skátunum og hafði unnið hjá föður mínum tvær helgar til að geta bætt við fríið á jólunum því mig langaði með félögum mínum í skátaskálann í Þrymheimum, við ætluðum að fara út á Hellisheiðinni og svo á skíðum í skálann og dveljast þar. Á jóladag var farið niður á Bifreiðastöð Íslands sem þá var. Ég átti von á mörgum skátum en það kemur bara enginn í bílinn en heilmikið af farþegum og ég geri mér grein fyrir að þeir hafi sennilega farið með öðrum bíl og ákveð að ég muni þá bara hitta þá í skálanum.

Rútan átti að fara yfir Hellisheiðina og ég ætlaði út þar. Þegar bíllinn var lagður af stað segir bílstjórinn: „Ég verð að fara Þingvallaleiðina í Hveragerði því það er búið að loka við Lögberg og Heiðin ófær.“ Þannig að það var ekki hægt að fara Hellisheiðina og láta mig út þar. Og ég hugsaði: „Hvað er ég að gera?“ En það var of seint að fara úr bílnum og ég fer með og úr í Hveragerði en þá er komið kvöld.

Veðrið er eins gott og það getur verið, heiðskír himinn, fullt tungl, snjór yfir öllu, það var næstum því lesbjart. Bílstjórinn fer upp á þak á bílnum að sækja farangur og vörur og ég fékk mín skíði og minn bakpoka og spenni skíðin á mig. Þá kemur bílstjórinn til mín og segir: „Hvert ert þú að fara væni minn?“ Ég svara því til að ég sé að fara upp í skátaskálann í Þrymheimum. „Það ættir þú ekki að gera einn,“ segir hann, „einn á heiðinni er ekkert skynsamlegt.“ Ég bendi á að það sé með eindæmum gott veður, fullt tungl og bjart en hann segir: „Það getur komið vindur og þá sérðu ekki út úr augunum.“ En ég var fífldjarfur nítján ára strákur og segi: „Það kemur ekkert fyrir mig!“

Svo ég fer af stað á skíðunum að Kömbunum. Þar var gamli vegurinn mjög brattur, eintómir hlykkir alla leið upp og ég tók af mér skíðin og labbaði. Þegar ég kem upp er bara hvítt hvert sem litið er og rétt mótar fyrir veginum. Svo ég spenni aftur á mig skíðin og legg af stað áleiðis eftir veginum að Skíðaskálanum í Hveradölum.

Þegar ég er kominn svona hálfa leið sé ég ljós í skálanum uppi í Skarðsmýrarfjalli og veit þá fyrir víst hvar hann er og að vinir mínir eru komnir þangað. Svo ég beygi út af veginum og legg þversum á hraunið.



Hermanni Bridde fannst hann heldur lítill undir stjörnubjörtum himni á snævi þakinni Hellisheiðinni á jólakvöld. MYND/ERNIR

Hitt hefði verið miklu lengri leið sem ég þekkti vel. Þegar ég var kominn aðeins út í hraunið heyrði ég í tófu og hún fylgdi mér yfir hraunið en ég sá hana aldrei, heyrði bara í henni.

Svo var ég orðinn þreyttur og var að hvíla mig og legg mig svona upp að einni af gömlu vörðunum sem vörðuðu leiðina yfir heiðina og þá er algjör þögn og skýin og stjörnurnar svona gífurlega falleg. Mér varð litið á Kambabrún og hún er eins og svört rák langt í burtu og ég fæ tilfinninguna: svakalega ertu lítill í náttúrunni, á þessari jarðkringlu. Þetta var mjög óþægileg tilfinning og kokhreystin bráði nú nokkuð af mér.

Svo legg ég af stað og alltaf er tófan að gagga á eftir mér og ég fer að velta fyrir mér hvort hún sé kannski að búast við að eitthvað komi fyrir mig. Ég var einn, enginn farsími og ekki neitt og enginn vissi hvar ég var, ekki einu sinni piltarnir vinir mínir sem voru komnir upp í skála.

Þegar ég er að koma út úr hrauninu veit ég að ég á þrjá kílómetra eftir í skálann og þá sé ég að maður kemur út á pallinn á skálanum og bregður sér aftur fyrir. Hann kemur til baka en stoppar áður en hann fer inn. Þá sér hann einhverja þúst koma út úr hrauninu og hleypur inn og skömmu síðar kemur skarinn út. Það skyldi þó ekki vera að þeir væru að sjá drauginn sem sumir höfðu talað um að væri á þessum slóðum! Svo bíða þeir og fylgjast agndofa með þústinni nálgast þangað til einn þeirra segir upp úr eins manns hljóði: „Er þetta ekki Hermann?“ Þá glampaði á gleraugun mín í stjörnuskininu en ég hafði yfirleitt gleraugu uppi á leðurhúfu sem var dálítið sérstakt þá en alþekkt í dag. Svo kem ég og er óskaplega feginn að vera kominn og geri mér grein fyrir því að það er alls ekkert í lagi að fara svona einn því það segir fátt af einum. Ég var hundskammaður af þessum eldri skátum sem þarna voru enda reyndir menn þar á ferð.

Svo ég var þarna annan í jólum og það var ansi skemmtilegt að vera þarna með mínum vinum.“



**Vegna mikillar eftirspurnar bjóðum við uppá fleiri valkosti:**

| Efri sérhæð 97,4 m² með 67,5 m² þaksvölum án bílskúrs **39,9 m.kr.** | Efri sérhæð 133,8m² með bílskúr og 67,5 m² þaksvölum **47 m.kr.** | Neðri sérhæð 120 m² með 58 m² sólpall án bílskúrs **47 m.kr.** | Neðri sérhæð 156,4 m² með bílskúr og 58 m² sólpall **54,5 m.kr.** |
|---|---|---|---|

**Mjög vinsælar eignir hjá 50 ára og eldri enda eign og garður nánast viðhaldsfrír.**




Fleiri myndir má finna á www.husanes.is

Sýningareign er með húsgögnum og fylgihlutum frá Bústoð í Reykjanesbæ.









Húsanes kynnir:

# STÓRGLÆSILEG TVÍBÝLISHÚS

## að Leirdal 29-37 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ

Fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum – hægt að fá heitan pott með öllum eignum:

- Sérsmíðaðar innréttingar og granít á borðum
- Stórar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita
- AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utandyra í öllum eignum
- Jarðhæðinni fylgir 58 m2 sólpallur og efri hæðinni fylgja 67,5 m2 þaksvalir
- Garður fullfrágenginn og hægt að fá heitan pott með öllum eignum
- Bílastæði hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerjum og náttúrustein
- Eignirnar eru fjögurra herbergja en hægt er að fá þriggja herbergja sé þess óskað

Möguleiki á viðbótarfjármögnun frá seljanda.

Afhending frá desember 2017 og nánari upplýsingar má finna á www.husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Andradóttur hjá Þingholti í síma 857-2267 (sigrunja@tingholt.is)

# Húsanes Verktakar ehf.

**Mannvirkjagerð er okkar fag**

tal seðlabankavaxta í Bandaríkjunum og Bretlandi frá því á 19. öld og til dagsins í dag. „Auðvitað er það þannig að vextir á Íslandi eru í sögulegu lágmarki þegar litið er til langtímavaxta og vaxta á verðtryggðum fasteignalánum. Það hafa áður verið lægri skammtímavextir en ekki þegar við erum á þessu stigi hagsveiflunnar. Síðast þegar við vorum með slíkt vaxtastig, um miðjan tíunda áratuginn, var slaki í hagkerfinu. Það eru því að verða hérna feikilega miklar breytingar.“

Már segir að þarna spili meðal annars inn í sú kerfisbreyting sem hefur orðið á grunngerð hagkerfisins, ekki síst með vexti ferðaþjónustunnar, og eins þær umbætur sem gerðar hafa verið á peningastefnunni. „Sjálfstæði peningastefnunnar jókst eftir að peningastefnunefndin var sett á fót árið 2009 og hún er núna mótuð eftir miklu ítarlegra ferli en áður. Smám saman hefur það síast inn í kollinn á fólki að nefndin stefnir að 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði og hún meinar það! Þetta hefur hjálpað til, vissulega ásamt fjármagnshöftunum, og eins sú staðreynd að hið sveigjanlega gengi krónunnar virkar betur og er núna í meiri mæli sveiflujafnandi.“

*Með þessari kerfisbreytingu á hagkerfinu, sem endurspeglast í miklum viðskiptaafgangi og umskiptum á erlendri stöðu þjóðarbúsins, telurðu þá raunhæft að Ísland verði smám saman lágvaxtaland?*

„Hvað er lágvaxtaland er alltaf skilgreiningaratriði og sumum finnst það ekkert vera lágvaxtarland nema vextir séu núll prósent. En já, mér finnst það algjörlega raunhæft að langtímaraunvextir haldi áfram að lækka. Hvort sú verður reyndin fer hins vegar eftir því hvað gerist næst. Ef viðskiptaafgangurinn helst sambærilegur, sem mun þýða að erlend eignastaða þjóðarbúsins batnar enn frekar, og sparnaðarhneigð heimila og fyrirtækja heldur áfram í sama mæli þá mun það toga niður raunvextina. Hversu mikið og hratt það gerist á eftir að koma í ljós.“

**Það eru auðvitað ýmsir á fjármálamarkaði sem hafa mikla hagsmuni af því að örva þessi vaxtamunarviðskipti.**

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur umbylt íslenska hagkerfinu og hefur verið einn helsti drifkraftur hagvaxtar á undanförnum árum. Ljóst er að allar spár um hagvaxtarhorfur á komandi árum ráðast mjög af gengi þeirrar atvinnugreinar sem skapar nú orðið um helmingi meiri gjaldeyri á hverju ári en áliðnaðurinn og sjávarútvegur samanlagt.

### „Ekki einhver gullkista“

*Á það hefur verið bent að flugfélögin Icelandair og WOW air, sem standa undir meira en 80 prósentum af framboði á flugi til og frá landinu, séu þess vegna kannski í svipaðri stöðu og bankarnir fyrir 2008 – of kerfislega mikilvæg til að mega falla. Gæti mögulegt gjaldþrot annars þessara félaga skapað mikla áhættu fyrir fjármálastöðugleika og er þetta eitthvað sem Seðlabankinn hefur sérstaklega skoðað?*

„Það fer mikið eftir ástæðu gjaldþrotsins og hvað tekur síðan við. Munurinn á banka og flugfélagi er að það er hægt að gera áhlaup á banka. Þegar flugfélag fer í greiðsluþrot eru afleiðingarnar að þeir sem hafa sett fé sitt í reksturinn tapa því og félagið er í kjölfarið annaðhvort endurskipulagt eða tekið yfir af öðru flugfélagi. Það sem skiptir máli varðandi stöðuna í ferðaþjónustu er framboðið á flugi til og frá landinu og þá skiptir ekki höfuðmáli hvort það er borið uppi af íslensku eða erlendu flugfélagi. Ef það er þannig að gjaldþrot flugfélags verður vegna þess að það er að draga úr eftirspurn eftir ferðum til Íslands þá mun það jafnframt þýða í senn minni vöxt í ferðaþjónustu og minni hagvöxt. Samkvæmt áfallsprófi sem við höfum gert og gerir ráð fyrir að ferðaþjónustan yrði fyrir miklu höggi, þar sem allur vöxtur síðustu þriggja ára myndi ganga til baka, þá er augljóst mál að hagvöxtur minnkaði mikið, gengið myndi gefa eftir og verðbólgan aukast. En jafnvel við svona mikið áfall þá er eigið fé bankanna nægjanlegt til að standa það af sér og það yrði ekkert kerfishrun heldur aðlögun að nýju jafnvægi.“

*Nú hefur einmitt mikið verið rætt um bankakerfið að undanförnu, meðal annars í aðdraganda nýafstaðinna kosninga, og ný ríkisstjórn hyggst vinna svonefnda hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið á Íslandi. Telur þú einhverju ólokið í endurskipulagningu fjármálakerfisins?*

„Ég held að það geti verið ákaflega gagnlegt að fara yfir hvar við stöndum varðandi fjármálakerfið í dag, hvernig við viljum hafa það til frambúðar og hvernig við getum komist þangað. Í mínum huga er þetta eitthvað sem er mikilvægara en hvort vextir séu 25 punktum lægri eða hærri. Þannig að ég fagna því í sjálfu sér ef til stendur að fara í slíka vinnu. Það verður engu að síður að hafa í huga við þá endurskoðun að það má þá ekki ræða viðfangsefnið eins og fjármálakerfið í dag sé hið sama og fyrir fjármálakreppuna.“

*Finnst þér oft skorta skilning á þessu í umræðunni?*

„Já, mér þykir það. Eiginfjárstaða bankanna er mjög góð, það er engin stór áhætta í efnahagsreikningum og það er búið að hreinsa upp stóran hluta vandræðalána. Þá hefur eftirlit og regluverk um starfsemi bankanna verið stórbætt, meðal annars með tilkomu fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar, og það er jafnframt verið að innleiða fjölmörg þjóðhagsvarúðartæki. Áhættan í fjármálakerfinu í dag er því miklu minni en nokkru sinni áður.“

Að mati Más eru áskoranirnar varðandi fjármálakerfið að koma úr allt annarri átt en var fyrir bankahrun. „Í fyrsta lagi gætu breytingar á samkeppnisumhverfinu, með uppgangi fjártæknifyrirtækja (e. fintech), grafið undan viðskiptalíkani bankanna enda þótt í þeim felist einnig tækifæri. Þá er ljóst að kostnaður við stafrænan rekstur og tölvukerfi íslensku bankanna er mjög hár og mun fara vaxandi. Þar mætti skoða leiðir til hagræðingar með því að sameina ýmsa innviði. Í þriðja lagi stafar fjármálakerfinu vaxandi ógn af netárásum og það getur aukið kostnað þess enn frekar

## „Bankinn er ekki að rannsaka sjálfan sig“

*Skýrsla Seðlabankans um neyðarlánið til Kaupþings í október 2008 og sölu á danska bankanum FIH verður kynnt í næsta mánuði. Sumir hafa gagnrýnt að bankinn sé sjálfur að vinna þá skýrslu. Mun það ekki draga úr trúverðugleika hennar að bankinn sé þannig að rannsaka sjálfan sig?*

„Bankinn er ekki að rannsaka sjálfan sig enda er þetta ekki þannig skýrsla. Við erum að reyna að koma öllum upplýsingum um þessa sögu á almannafræri. Sumt verður erfitt að upplýsa, eins og hvað varðar söluna á FIH, þar sem ekki má birta opinberlega sumt sem kemur fram í þeim samningum. En við munum ganga eins langt og hægt er án þess að eiga það á hættu að mótaðilinn í þeim viðskiptum fari í mál við okkur.“

*En Seðlabankinn, og þú sjálfur, hefur verið sakaður um að hafa haldið illa á hagsmunum bankans við söluna á FIH 2010 sem hafi valdið því að tap skattgreiðenda vegna neyðarlánsins til Kaupþings verði um 35 milljarðar króna.*

„Mönnum er frjálst að gagnrýna mig en ég hef satt best að segja ekki skilið upp né niður í þeim málflutningi,“ segir Már sem telur að Seðlabankinn hafi „sloppið á síðustu stundu“ þegar hann seldi FIH-bankann í september 2010. Már hefur áður látið hafa það eftir sér að bankinn hafi á þeim tíma verið við það að komast í þrot vegna lausafjárerfiðleika og að dönsk yfirvöld hafi neitað að veita bankanum lausafjárstuðning. Hlutafé bankans hefði þar með orðið verðlaust.

„Þá má ekki gleyma því,“ útskýrir Már, „að í tíð fyrri seðlabankastjóra var bandaríska fjárfestingabankanum JP Morgan falið að reyna að selja FIH-bankann en það barst ekki eitt einasta tilboð. Ekki upp á eina danska krónu. Það má vel vera að einhverjum muni þykja ástæða til að rannsaka annaðhvort lánveitinguna sjálfa eða söluna á FIH frekar í framhaldi af birtingu skýrslunnar. Ég kvíði því ekkert,“ segir Már.




Logi Knútsson, prentari og Leedsari

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

að reyna að verjast þeim. Að lokum er verið að innleiða nýtt regluverk frá Evrópusambandinu sem mun stórauka kvaðir á bankana hvað varðar meðal annars persónuvernd og gagnaöryggi.“

Hann segir að það sé því mikill misskilningur, eins og stundum sé af látið, að „fjármálakerfið sé einhver gullkista sem geti leyst hvers manns vanda. Það er auðvitað ekki þannig enda þótt það kunni að vera eitthvert svigrúm til að lækka eiginfjárhlutföll bankanna. Ég held að það sé hins vegar minna en margur heldur.“

**Svigrúmið minna en af er látið**

*Nú vilja nánast allir stjórnmálaflokkar lækka verulega eigið fé bankana, með sérstökum arðgreiðslum til ríkissjóðs. Er þar verið að tala um hærri fjárhæðir heldur en er raunhæft að þínu mati?*

„Já, ég held það. Það er ýmis áhætta, bæði fyrirséð og ófyrirséð, sem getur komið upp og bankakerfi okkar þarf að vera með eiginfjárhlutföll sem geta staðið af sér stór högg. Við eigum í þeim efnum ekki alltaf að vera að bera okkur saman við evrópska bankakerfið sem hefur verið undirfjármagnað um langt skeið. Fjárfestar og bankamenn, ekki hvað síst í fjárfestingabankastarfsemi, vilja auðvitað yfirleitt að bankarnir séu með lægri eiginfjárhlutföll þannig að þeir geti sýnt hærri ávöxtun á eigið fé en ella enda þótt hagnaðurinn sé að sama skapi ekkert mikill borið saman við stærð efnahagsreikningsins. Þá geta þeir sagt: sjáið hvað við erum miklir töframenn og farið fram á háa bónusa en afleiðingin er sú að bankarnir eru að lokum holaðir að innan. Það er vissulega eitthvert svigrúm í bönkunum í dag til að lækka eigið fé þeirra en það er ekki eins mikið og stundum er af látið.“

*Það hafa sumir haft áhyggjur af því að slík skammtímasjónarmið muni ráða för eftir að vogunarsjóðir og Goldman Sachs eignuðust 30 prósenta hlut í Arion banka og hafa talað fyrir því að stjórnvöld reyni að nýta sér mögulegan forkaupsrétt að bankanum. Telurðu heppilegt að ríkið eignist þriðja bankann?*

„Það er ekki eitthvað sem ég er að hvetja til. Hvað varðar söluferli Arion banka og mögulega aðkomu stjórnvalda þá þurfum við auðvitað að passa upp á að allt það ferli verði í samræmi við þá samninga sem lagt var upp með milli Kaupþings og íslenska ríkisins í tengslum við nauðasamninga slitabúsins. Þá þarf þetta að gerast með þeim hætti að traust á bankakerfinu sé varðveitt, líka út á við. Auðvitað er það ekki æskileg staða, nema í skamman tíma, að ríkið sé með alla áhættuna af bankakerfinu hjá sér beint. Við bankahrunið 2008 sögðum við alltaf – og það var okkar helsta vörn – að þetta væru einkabankar sem ríkið bæri ekki ábyrgð á og þar af leiðandi væri ekki hægt að ætlast til þess að íslenska ríkið myndi stíga þar inn í og ábyrgjast efnahagsreikning þeirra. Það hefði sett ríkið á hausinn.“



„Fjárfestar og bankamenn vilja auðvitað að bankarnir séu með lægri eiginfjárhlutföll.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Kallaði á stærri gjaldeyrisforða**

Í júní 2016 voru sett á innflæðishöft, eða svokallað fjárstreymistæki, í því skyni að stemma stigu við ört vaxandi innflæði fjármagns sem verið hafði mánuðina á undan. Erlendir aðilar sem ætla að fjárfesta í skuldabréfum hér á landi þurfa þannig að binda 40 prósent af fjárfestingunni á vaxtalausum reikningum í eitt ár. Aðspurður segir Már að hann telji að fjárstreymistækið hafi skilað þeim árangri sem lagt var upp með. „Markmiðið með því var að draga úr hvatanum til vaxtamunarviðskipta á meðan vaxtamunurinn væri svona mikill. Áætlunin um losun hafta sem var kynnt sumarið 2015 þótti trúverðug og lánshæfiseinkunn ríkisins hækkaði. Ísland varð áhugaverðari fjárfestingakostur á sama tíma og vaxtamunur við útlönd var enn mikill, og í kjölfarið kom mikið fjármagnsinnstreymi sem truflaði verulega virkni peningastefnunnar í gegnum vaxtafarveginn. Það gjörbreyttist eftir að við innleiddum fjárstreymistækið og vextir á skuldabréfamarkaði hafa síðan fylgt vaxtabreytingum Seðlabankans betur en áður.“

*En nú hefur vaxtamunurinn við útlönd verið að minnka, verðbólguhorfur batnað og útlit er fyrir minni hagvöxt. Heldurðu við þessar aðstæður að við munum sjá stóraukið fjármagnsinnflæði í ríkisskuldabréf ef slakað yrði á bindiskyldunni?*

„Það er alveg hugsanlegt. Af því að vaxtamunurinn er þrátt fyrir allt enn verulegur. Og af hverju ættum við að gera það þegar ávinningur okkar af slíku fjármagnsinnstreymi er um þessar mundir líklega neikvæður?“

*Hvernig færðu það út?*

„Af því að eftirspurn ríkissjóðs eftir erlendu lánsfé er mjög lítil í sögulegu samhengi og hann þarf því í reynd ekki á þessu fjármagni að halda. Væri sérstaka bindiskyldan ekki til staðar þyrfti Seðlabankinn væntanlega að halda úti enn stærri gjaldeyrisforða en ella til að draga úr áhættu tengdri vaxtamunarinnflæði og mögulegu snöggu útflæði. Þótt erlendir fjárfestar séu að kaupa löng skuldabréf þá er eftir sem áður um að ræða vel seljanleg verðbréf sem þeir geta alltaf selt á hverjum tíma, farið með söluandvirðið úr landi og þannig gengið á forða Seðlabankans.

Það fylgir því töluverður kostnaður að viðhalda stórum forða enda er ávöxtun hans á alþjóðlegum mörkuðum óvenju lítil. Á sama tíma er vænt ávöxtun erlendra fjárfesta af kaupum á íslenskum ríkisskuldabréfum ágæt og áhættuleiðréttur vaxtamunur er meiri eftir því sem sveiflur í gengi krónunnar eru minni. Til að draga úr honum þyrfti Seðlabankinn því að leyfa auknar gengissveiflur sem um leið eykur áhættu innlendra aðila. Af þessum sökum má færa rök fyrir því að hreinn ávinningur þjóðarbúsins af slíku innflæði sé um þessar mundir neikvæður.“

*Sérfræðingar á fjármálamarkaði hafa hins vegar sagt innflæðishöftin á kostnað heimila og fyrirtækja þar sem þau hafi valdið því að vaxtalækkanir Seðlabankans hafi ekki skilað sér að fullu til þeirra á síðustu misserum.*

„Það sýnir sig ekki í okkar gögnum. Við megum ekki gleyma því að Seðlabankinn horfir á þessi mál út frá almannahagsmunum. Það eru auðvitað ýmsir á fjármálamarkaði sem hafa mikla hagsmuni af því að örva þessi vaxtamunarviðskipti. Þeir ætla sér að fá þóknanatekjur af innflæðinu og eins þegar fjármagnið leitar aftur úr landi. Það er fullkomlega eðlilegt og ekkert að því að þeir geri það“.

Már segir það engu að síður vera markmið Seðlabankans að fjárstreymistækið sé almennt ekki virkt. „Við viljum eiga möguleika á því að geta beitt tækinu þegar sérstakar aðstæður skapast en almennt séð er best að við þurfum ekki að nota það. Við teljum hins vegar rétt um þessar mundir að draga úr beitingu þess í skrefum enda horfur á að spennan í þjóðarbúskapnum sé að minnka og slakinn í viðskiptalöndum okkar að minnka. Vaxtamunur við útlönd ætti því að óbreyttu að minnka á næstu misserum og þannig skapast forsendur til að lækka bindiskylduna. Og við munum gera það.“

**Ekki „nægjanlega mikla“ yfirsýn**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sagt að styrkja þurfi löggjöf og regluverk um fjármálakerfið og eins að tryggja betur sjálfstæði eftirlitsstofnana. Ein leið í þeim efnum, sem AGS hefur talað fyrir, er að sameina allt eftirlit með bankakerfinu undir hatti Seðlabankans.

Þegar Már er spurður út í þær tillögur útskýrir hann að samkvæmt þeim yrði FME áfram til sem stofnun en það sem lýtur að varúðar- og eindareftirliti með bönkunum yrði tekið úr stofnuninni og flutt yfir til Seðlabankans. „Það má ekki gleyma því að í dag er staðan þannig, öfugt við það sem er í flestum öðrum löndum sem við berum okkur saman við, að reglusetningarvald hvað varðar lausa- og eiginfjárkröfur fjármálastofnana er sitt í hvorri stofnuninni. Það er ekki víst að þetta sé besta fyrirkomulagið. Reynslan sýnir að seðlabankar, sem lánveitendur til þrautavara og lausafjárfyrirgreiðendur, verða að hafa mjög glöggar upplýsingar um hver staða bankanna er þannig að þeir séu ekki að lána til þeirra sem eru ekki gjaldfærir. Þeir þurfa á hverjum tíma að hafa góðar upplýsingar um veðin sem bankarnir geta boðið fram þannig að ekki sé verið á úrslitastundu að taka ónýt veð fyrir neyðarlánum.“

*Er bankinn með þá yfirsýn í dag?*

„Kannski ekki nægjanlega mikla. Ég held að það yrði betur tryggt með nánara samstarfi milli Seðlabankans og FME. En þá eru ýmsir á þeirri skoðun, meðal annars vinir okkar í FME, að það geti verið óhagkvæmt fyrir jafn lítið land og Ísland að rjúfa fjármálaeftirlitið svona í sundur eins og felst í tillögu AGS. Þá koma auðvitað aðrar leiðir líka til álita.“

## Ekkert betra gjaldmiðlafyrirkomulag í sjónmáli

Á fundi Viðskiptaráðs í liðnum mánuði benti Már á að það hefði í reynd ekkert breyst hvað varðar valkosti Íslands í gjaldmiðlamálum frá því að Seðlabankinn gaf út ítarlega skýrsla um þau mál haustið 2012 – nema þá aðeins að peningastefna með sveigjanlegu gengi virkar mun betur núna en þá. Spurður hvort það eigi að vera eitthvað forgangsmál nú um stundir að velta fyrir sér öðrum valkostum í gjaldmiðlamálum segir Már erfitt að segja fyrir um hvort um þessar mundir sé hægt að ná betri árangri með annars konar fyrirkomulagi.

„Það er ekkert í sjónmáli að minnsta kosti. Ég held að við séum í nákvæmlega sömu stöðu og þegar við gáfum út gjaldmiðlaskýrsluna 2012. Það eru aðeins í boði tveir raunhæfir valkostir. Annars vegar krónan sem gjaldmiðill með sveigjanlegt gengi og bætta umgjörð um peningastefnu með því sem ég kallaði verðbólgumarkmið plús, sem felur meðal annars í sér þjóðarhagsvarúðartæki og ramma um fjármálastöðugleikastefnuna. Þær breytingar hafa allar stórbætt stefnuna. Hinn möguleikinn var aðild að ESB og innganga í myntbandalagið. Það voru tvö vandamál fyrir hendi varðandi seinni valkostinn – það var ekki pólitískur stuðningur fyrir aðild og alþjóðlega fjármálakreppan hafði leitt í ljós verulega byggingargalla á evrusvæðinu. ESB er þetta ljóst og vinnur nú að því að lagfæra þessa galla með bankabandalagi, sameiginlegum fjármagnsmarkaði og breyttum ríkisfjármálareglum. Sambandið er hins vegar enn í miðju kafi í þessu ferli og við ættum, að mínu viti, að bíða og sjá hvernig það gengur áður en við tökum ákvörðun um að skoða þennan kost í alvöru.“

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar:)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

# HB HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA

Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

## Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



**Carrera**
hægindastóll
í sterku áklæði

**57.000**



**Rubelli**
hægindastóll
alklæddur ekta leðri
snúningur og rugga

**89.000**



**Bronson**
Rafknúinn
hægindastóll
alklæddur ekta leðri

**134.000**



Sjónvarpsskápur 121sm

**107.000**



Victorian innskotsborð

**48.000**



Sjónvarpsskápur 135 sm

**98.000**



Bronson rafknúinn hægindasófi
Alklæddur ekta leðri

**239.000**



Blaðgrindarborð

**34.000**



Viceroy rafknúinn hægindasófi
Alklæddur ekta leðri

**249.000**



Lyftistóll - áklæði
2 mótorar

**125.000**



Lyftistóll - leður
2 mótorar

**159.000**



Chippendale skenkur 145sm

**149.000**



Sófaborð 110 x 60 sm

**73.000**



Sófaborð 110 x 70 sm

**73.000**



Sófaborð 110 x 60 sm

**79.000**



Sófaborð 108/152 x 54 sm

**77.000**



Glerskápur - 70 sm

**104.000**



Glerskápur - 150 sm

**235.000**



**7.500**
Bluidio þráðlaus heyrnatól



**13.000**
Ugla



**45.000**
Teborð með bakka




**38.000**
ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni
og blautmoppa




**46.000**
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
með ósýnilegum vegg

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

# Skotsilfur

## Fyrsta málið



Eitt helsta stefnumál **Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar**, formanns Miðflokksins, fyrir síðustu kosningar var að ríkið ætti að eignast þriðja bankann með því að reyna að nýta sér mögulegan forkaupsrétt að Arion banka og þannig koma í veg fyrir væntanlega sölu Kaupþings á bankanum í gegnum hlutafjárútboð. Sigmundur er sagður ætla að leggja fram þingsályktunartillögu þessa efnis fljótlega eftir að Alþingi kemur saman að nýju á morgun, fimmtudag, en áhugavert verður að sjá viðbrögð Lilju Alfreðsdóttur, núverandi menntamálaráðherra og áður eins nánasta samstarfsmanns Sigmundar, við þeirri tillögu en hún situr í ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins.

## Kastað út í hafsauga



Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði á mánudag frá máli Brims hf. gegn íslenska ríkinu sem fyrirtækið höfðaði vegna ákvörðunar atvinnuvegaráðuneytisins um að hafna beiðni um skipan rannsóknarmanna. **Guðmundur Kristjánsson**, forstjóri Brims, vildi að þeir rannsökuðu tiltekna þætti í starfsemi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna VSV og útgerðarinnar Ufsabergs í október 2014. Deilur eigenda Brims og VSV hafa staðið yfir í rúm tíu ár og sú saga kennir okkur að ólíklegt er að Guðmundur muni nú láta staðar numið.

## Öll ljós kveikt?



**Helga Arnardóttir** hefur sagt skilið við Kastljósið, en hún hefur starfað þar frá árinu 2014, og ráðið sig sem yfirritstjóri útgáfufélagsins Birtings þar sem hún mun meðal annars ritstýra Mannlífi. Eins og komið hefur fram er Kastljósið nú án stjórnenda og spyrja margir sig hvers vegna fólk þar á bæ ákvað að fórna einu af verðmætari vörumerkjum RÚV fyrir nýja þáttinn Kveik. Hann er jú í umsjón fyrrverandi Kastljóssfólks sem tók meira að segja yfir Facebook-síðu þáttarins. Þau hefðu kannski betur sleppt því enda telja margir einungis tímaspursmál hvenær tilkynnt verður um sameiningu þáttanna tveggja undir nafni Kastljóss.

# Bjöllur og rúgbrauð á Filippseyjum



Mörgum þekktum fornbílum Volkswagen var í Quezon City á Filippseyjum á mánudag lagt þannig að þeir mynduðu lógó þýska bílaframleiðandans. Stóð þá yfir í 32. sinn hin árlega og vinsæla bílasýning Volkswagen Classic and Customs Car Show þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Það þarf aukinn og víðtækan stöðugleika



**Ingólfur Bender**
hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Ákall iðnaðarins um stöðugleika snýst um stöðug starfsskilyrði. Í því sambandi er verðbólgan ekki eina viðmiðið þó að hún sé mikilvægur mælikvarði. Viðmiðið er að starfsskilyrðin séu nokkuð fyrirsjáanleg þannig að hér á landi sé hægt að gera áætlanir með viðunandi vissu og á grundvelli þeirra fjárfesta í uppbyggingu iðnaðar og annarrar starfsemi sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og hagsæld hér á landi. Aukinn og víðtækur stöðugleiki er ekki bara til hagsbóta fyrir iðnaðinn heldur allt íslenskt samfélag.

Stöðugleiki er mikilvægur fyrir hagkerfið, heimilin og fyrirtækin. Um þetta virðast flestir sammála. Er almennur skilningur á mikilvægi stöðugleikans jákvæður en óstöðugleiki í efnahagsmálum hér á landi hefur lengi verið eitt af meginvandamálum íslenska hagkerfisins. Áhersla á stöðugleikann í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er í þessu sambandi sérstaklega jákvæð.

**Þverrandi samkeppnisstaða**
Stöðugleiki er margþættur. Sá stöðugleiki sem oft er vísað til um þessar mundir er stöðugt verðlag en það er meginmarkmið Seðlabankans. Í því sambandi hefur gengið vel síðustu ár en verðbólgan er við verðbólgumarkmiðið og hefur verið það frá upphafi árs 2014. Um er að ræða lengsta tímabil verðstöðugleika síðan verðbólgumarkmiðið var tekið upp í mars 2001.

En á þessum tíma verðstöðugleika hefur ekki verið mikill stöðugleiki að öðru leyti í íslensku efnahagslífi. Hefur gengi krónunnar til dæmis hækkað um 31 prósent á þessum tíma. Einnig hafa laun hækkað um 36 prósent sem er langt umfram framleiðnivöxt og þær launahækkanir sem sést hafa í þeim löndum sem íslensk fyrirtæki keppa helst við. Það hefur því ekki verið neinn stöðugleiki á þessum tíma í samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar eða annarra íslenskra fyrirtækja þó að verðbólgan hafi verið við markmið Seðlabankans.

> Ekkert iðnvætt ríki hefur því boðið sínum fyrirtækjum upp á jafn mikinn óstöðugleika í samkeppnisstöðu á þessum tíma.

**Hvað höfum við boðið upp á?**
Ekkert land innan OECD hefur gengið í gegnum viðlíka sveiflu í raungengi gjaldmiðils síns og Ísland síðastliðinn áratug en raungengi krónunnar er mælikvarði á þróun samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum. Ekkert iðnvætt ríki hefur því boðið sínum fyrirtækjum upp á jafn mikinn óstöðugleika í samkeppnisstöðu á þessum tíma. Það hefur því verið mikill óstöðugleiki hér á landi á þann mælikvarða.

Þegar fjárfestar taka ákvörðun um hvort byggja eigi upp fyrirtæki hér á landi sjá þeir tilviljanakenndar ákvarðanir stjórnvalda, óstöðugan gjaldmiðil og vinnumarkað sem einkennist af kapphlaupi á milli launþegahópa um hver fær mest. Þetta er það sem við bjóðum og það er ekki stöðugleiki. Þessu þurfum við að breyta.

**Upphaf aukins stöðugleika?**
Vonandi er nýhafið kjörtímabil upphafið að tíma aukins og víðtækari stöðugleika. Til þess að svo megi verða þarf ný ríkisstjórn að leggja áherslu á stöðugleikann í víðri merkingu þess orðs. Það er ekki nægjanlegt að áherslan sé á verðbólgumarkmiðið eitt heldur þarf einnig að draga úr hagsveiflum og auka stöðugleika í gengismálum. Einnig þarf ný ríkisstjórn að hvetja til þess að launabreytingar taki meira mið af framleiðnivexti og þróun í útflutningsgreinunum. Með slíkum stöðugleika væri bætt til muna starfsumhverfi íslensks iðnaðar og íslenskra fyrirtækja almennt til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

# Áhrif alhæfinga í ágreiningi



**Lilja Bjarnadóttir**
sáttamiðlari, lögfræðingur og FKA-félagskona

Alhæfingar eru algjört eitur þegar kemur að ágreiningi, en vandamálið er að oft alhæfum við án þess að gera okkur grein fyrir því og áhrifum þess á viðmælanda okkar. Alhæfingar einkennast af „allt-eða-ekkert“ viðhorfi og valkostir eru settir fram sem annaðhvort – eða.

Þetta geta verið setningar eins og „Hún svarar mér aldrei“ eða „Hann ræður ekki við breytingar“. Alhæfingar stilla fólki upp við vegg og leiða til þess að það fer í vörn til þess að bjarga ímynd sinni. Áhrifin eru að hin raunverulegu skilaboð komast ekki til skila og samskiptin verða stirðari. Til þess að bregðast við alhæfingum er gott að velta fyrir sér hvort innistæða sé fyrir þeim við nánari skoðun: Færðu aldrei svar við neinu eða er það kannski mismunandi eftir því hvert efnið er? Er hann ófær um að ráða við allar breytingar eða ræður hann ekki við breytingar sem hann er ósammála?

**Leiðir til lausna**
Þegar við erum viðtakandinn er fyrsta skrefið að átta sig á því að um alhæfingu sé að ræða. Ein leið getur verið að umorða og spyrja hvort þú hafir skilið staðhæfinguna rétt („Bíddu, áttu við að ég komi aldrei fram við þig af virðingu?“). Til þess að forðast sjálf að nota alhæfingar er gott að sleppa orðunum alltaf og aldrei og með því að fylgja þessu ferli:

Lýsum staðreyndum út frá okkar upplifun (t.d. hvað þú sást eða heyrðir) en á hlutlausan hátt. Varastu að koma með eigin ályktanir um það hvað veldur hegðuninni. Hvaða áhrif hegðunin hefur á þig og hvaða tilfinningar það vekur hjá þér. Beiðnin er næst, sem yfirleitt væri „Getum við talað um þetta“ eða biðjum aðilann um að hjálpa okkur að skilja betur sína hlið.

Það er freistandi að koma strax með lausnina, en þá eigum við á hættu að draga ályktanir sem leiða til misskilnings og frekari ágreinings. Lausnin felst í því að ná fram samvinnu milli aðila – án þess að stilla þeim upp við vegg.

# BETRIBILAKAUP.iS

## Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna 511 2777!

## Forpantaðu 2018 Volvo beint frá verksmiðju

fyrir lok **desember** og fáðu **620.000 kr afslátt!**

### Volvo XC60 Plug-In Hybrid



Verð frá 7.050.000 kr.

### Volvo XC90 Plug-In Hybrid



Verð frá 7.390.000 kr.

### Outlander Arctic PHEV



Verð 4.430.000 kr.

### Kia Optima Plug-In Hybrid



Verð 3.790.000 kr.

## Forpantaðu 2018 Nissan Leaf 2 Zero Edition

Glæsileg hönnun
Stærri og rúmbetri
Fjöldi tækninýjunga
40 kWh rafhlaða
Uppgefin drægni 378 km
e-Pedal
Pro-Pilot



Verð 3.990.000 kr.

## Hafðu samband og við finnum draumabílinn fyrir þig!

Ármúla 4-6 - Reykjavík | Firðinum - Hafnarfirði
511 2777 | sala@betribilakaup.is
www.facebook.com/betribilakaup.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 13. desember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Falin skattheimta

**Þröskuldurinn** við stofnun einkahlutafélaga á Íslandi er allt of hár. Í fyrsta lagi þurfa stofnendur að reiða fram hálfa milljón í lágmarkshlutafé, og af þeirri tölu renna 130 þúsund krónur beint til Ríkisskattstjóra. Fyrirtækjaskrá tekur sér síðan sjö til tíu daga til að bregðast við og skrá félagið. Væntanlega er þar komin réttlætingin á þessu háa gjaldi.

**Mörg dæmi** eru til um að stórt verði til úr litlu. Á fyrstu skrefum fyrirtækis skiptir öllu að hægt sé nýta allt fáanlegt fé í reksturinn. Þar munar um minna en 130 þúsund krónurnar sem aldrei sjást aftur. Að þessu leyti er þessi hái þröskuldur beinlínis hamlandi fyrir nýsköpun og dragbítur á góðar hugmyndir.

**Í Bretlandi** til að mynda kostar ekkert að stofna hlutafélag. Stofnhlutafé skal að lágmarki vera 1 sterlingspund, eða sem nemur 140 krónum íslenskum. Þess utan fer allt utanumhald fram á netinu. Hlutafélag er tilbúið til notkunar nokkrum mínútum eftir að þú skráir það. Þrátt fyrir það er ekkert slegið af öðrum kröfum.

**Hér á landi** er landlægt að líta á hlutafélagaformið sem leið til að komast hjá því að standa skil á sínu. Það er hins vegar fjarri sanni. Einkahlutafélögum er ætlað að dreifa áhættu – að sjá til þess að ábyrgð stofnenda takmarkist við þá fjármuni sem þeir leggja í verkefnið. Sumir hafa sagt að hlutafélagaformið sé mesta uppfinning iðnbyltingarinnar. Án þess hefðu járnbrautirnar ekki orðið að veruleika, og önnur verkefni af svipaðri stærðargráðu sem síðar komu. **Enginn hefði** ráðið við að bera á því persónulega ábyrgð ef slíkar skýjaborgir hefðu hrunið til grunna.

**Annað sem** er landlægt á Íslandi er falin gjaldtaka, sem ætti að kalla einfaldlega skattheimtu. Nú greiðum við gegnum tekjuskattinn fyrir ýmsa almannaþjónustu, t.d. heilbrigðisþjónustu og þjónustu eins og þá sem ríkisskattstjóri veitir með utanumhaldi um fyrirtækjaskrá. Hvað er það þá annað en aukin skattheimta þegar við mætum á spítala og greiðum komugjöld, eða þegar við greiðum 130 þúsund skrásetningargjald fyrir vinnu sem engin er í raun?

**Væri ekki** hreinlegast fyrir stjórnvöld að þessi gjöld væru innheimt að fullu gegnum tekjuskatt á einstaklinga og fyrirtæki, frekar en að þau séu falin um víðan völl? Mögulega, en slíkt fyrirkomulag kæmi illa við stjórnmálaöfl sem telja sig skattalækkunarflokka.

**Þess í stað** er gripið til þess ráðs að fela skattheimtuna og vona að enginn taki eftir sjónhverfingunni.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Mikill viðsnúningur Iceland



Sex matvöruverslanir Iceland voru reknar með 39 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Afkoman var þá rúmum 30 milljónum betri en 2015 og velta fyrirtækisins nam 2.864 milljónum eða einni milljón króna meira en árið á undan.

Síðasta fjárhagsári Íslands-verslunar ehf. lauk í febrúar síðastliðnum. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam þá 71 milljón miðað við þriggja milljóna tap árið áður. Eignir félagsins voru metnar á 385 milljónir og eigið fé þess jákvætt um 171 milljón. Verslanir Iceland eru í eigu einkahlutafélagsins Basko. Það er aftur í eigu framtakssjóðsins Horns III og félaga í eigu verslunarmannsins Árna Péturs Jónssonar. – hg

**Árni Pétur Jónsson.**

12.12.2017



**Það er óumflýjanlegt í smáu þjóðfélagi að stjórnmálamenn þekki marga, sérstaklega þegar viðkomandi hafa búið í sama bæjarfélagi eða unnið í sama geira.**

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


www.pwc.is




Verðmæti í fyrirtækjarekstri geta verið margskonar, bæði persónuleg og fjárhagsleg. Minnka áhyggjur, útvista bókhaldinu, stækka reksturinn, lágmarka áhættu, hagræða, auka hagnað.

Það er sama hverskonar verðmætum þú sækist eftir, PwC aðstoðar þig við að skapa þau.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur



LEYNILÍF
Gæludýra
Skoppa og Skrítla
Tröll
MEÐ AFA
Við styttum biðina fyrir yngstu kynslóðina í desember
Það verður sannarlega nóg um að vera fyrir krakka á öllum aldri í desember á Stöð 2.
MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is | 1817

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1922** Hannes Hafstein deyr, 61 árs. Hann er ráðherra 1904-09 og 1912-14 og ástsælt ljóðskáld. Útför hans er gerð með mikilli viðhöfn. Meðal ljóða Hannesar eru Sprettur og Stormur.

**1947** Björgunarafrekið við Látrabjarg. Tólf mönnum er bjargað við mjög erfiðar aðstæður af breska togaranum Dhoon sem strandar við bjargið. Björgunarmennirnir hljóta æðstu heiðursmerki Slysavarnafélags Íslands og Breta-konungs. Um þennan atburð er síðar gerð kvikmynd.

**1988** Sjötug kona í Reykjavík fær 25 milljóna króna vinning á trompmiða í Happdrætti Háskólans og var það þá stærsti happdrættisvinningur hérlendis.

**1992** Orgel Hallgrímskirkju í Reykjavík er vígt. Það er stærsta hljóðfæri á Íslandi, 17 metrar á hæð, vegur 25 tonn og í því eru 5.200 pípur. Kostnaður við smíðina nemur tæpum 100 milljónum króna.

**1996** Fyrsta skóflustungan að Grafarvogslaug er tekin.



Afmælisbarnið Unnur er með mörg járn í eldinum hvað varðar tónlistarsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Býður upp á veislu fyrir augu og eyru á afmælinu

**Afmælisbarnið Unnur Sara Eldjárn heldur upp á 25 ára afmæli sitt með því að frumsýna nýtt tónlistarmyndband. Henni þykir tilvalið að halda gott frumsýningarpartí í stað þess að halda hefðbundið afmælisboð. Hún segir alla velkomna í frumsýningarpartíið sitt.**

Tónlistarkonan Unnur Sara Eldjárn er 25 ára í dag og fagnar deginum með því að frumsýna tónlistarmyndband við lagið Mind Illusions á Gauknum.

„Af því að það er gaman að eiga afmæli og gaman að frumsýna myndband og þá ákvað að gera það bara á sama tíma," segir Unnur Sara sem gaf lagið út í sumar og nú er komið að því að sýna myndbandið.

Unnur mun verja afmælisdeginum í að undirbúa frumsýningarpartíið. „Ég ætla að skreyta Gaukinn og reyna að hafa þetta þannig að fólki líði eins og það sé bara komið inn í myndbandið," segir Unnur sem vann myndbandið með vinkonu sinni, Kötlu Líndal. „Ég sagði við Kötlu að ég vildi búa til myndband sem væri veisla fyrir augun. Í því er mikil litagleði, blöðrur, konfetti og glimmer," segir Unnur og bætir við að frumsýningarpartíið sé opið öllum og hefst það klukkan 20.00.

> **Í því er mikil litagleði, blöðrur, konfetti og glimmer.**

### Afmælið undir áhrifum jólanna

Spurð út í hvort hún sé vön að halda upp á afmælið sitt segir Unnur: „Það er misjafnt. Það er pínu erfitt að eiga afmæli svona rétt fyrir jólin. En ég hélt til dæmis upp á 21 árs afmælið mitt með því að frumsýna myndband og fannst það svo gaman að ég ákvað að gera það aftur þetta árið. Ég hef líka stundum haldið tónleika á afmælinu mínu."

Unnur segir jólapróf og jólaboð oft hafa áhrif á afmælið hennar. „Ég hef stundum frestað því að halda afmælið mitt vegna þess að fólk er í prófum eða ég sjálf. En þetta er samt skemmtilegur tími og allt svo hátíðlegt," segir Unnur sem rifjar svo upp afmælisgjafir fyrri ára.

„Þegar ég var lítil þá fékk ég eiginlega alltaf jólaskraut í afmælisgjöf," segir hún og hlær. „Á tímabili var ég manneskjan sem átti eiginlega allt jólaskrautið á heimilinu." **gudnyhronn@365.is**

---



†

Systir okkar,

**Sigrún Arnþórsdóttir**

Sandgerði, Glerárþorpi,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 30. nóvember. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 15. desember kl. 10.30.

**Matthea Arnþórsdóttir**
**Einar Arnþórsson**
**Margrét Arnþórsdóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Ólafur Friðfinnsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 7. desember 2017. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. desember klukkan 13.00.

**Sigrún Gústafsdóttir**
**Sunneva Líf Ólafsdóttir Hafþór Jónsson**
**og barnabörn**
**Iðunn Steinsdóttir**
**Guðríður Friðfinnsdóttir Hermann Árnason**
**Stefán Friðfinnsson Ragnheiður Ebenezerdóttir**
**Sigrún Bára Friðfinnsdóttir Elín Þóra Friðfinnsdóttir**

---



†

**Jón Hjaltason**

hæstaréttarlögmaður, Vestmannaeyjum,

lést 7. desember 2017. Minningarathöfn verður í Grensáskirkju 14. desember kl. 13. Útför verður frá Bjarnaneskirkju í Hornafirði laugardaginn 16. desember kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Steinunn Sigurðardóttir**
**Þorleifur Jónsson Halldóra Andrésdóttir**
**Ómar Arnarson**
**Guðbjörg Ósk Jónsdóttir Hermann Einarsson**
**Anna Lilja Jónsdóttir Brynjólfur Garðarsson**
**Þorbergur Hjalti Jónsson Helga Skúladóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ottó Björnsson**

frá Borðeyri, Maríubakka 4, Reykjavík,

lést á Landakoti 10.12.2017, jarðarförin verður auglýst síðar.

**Erling Birkir Ottósson Gunnhildur Höskuldsdóttir**
**Alda Sigrún Ottósdóttir Halldór Bergmann Þorvaldsson**
**Sigurður Þór Ottósson Anni Midjord**
**Heimir Ottósson Majbritt Hansen**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og ömmusystir,

**María Eggertsdóttir**

Karlagötu 7,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 6. desember, verður jarðsungin frá Seljakirkju mánudaginn 18. desember kl. 15.00.

**Jóhann Teitur Ingólfsson**
**Halldóra Ingólfsdóttir Kjartan Birgisson**
**Hildur Kjartansdóttir María Kjartansdóttir**
**Kristín, Jóhannes og Lilja Sólrún**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristbjörg Sigjónsdóttir**

Espigerði 16,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 5. desember, verður jarðsungin frá Grensáskirkju mánudaginn 18. desember kl. 13.00.

**Sigrún Gísladóttir Hörður Geirlaugsson**
**Tómas Gíslason Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Gísli Friðrik Gíslason Birgit W. Hansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Sameinar gæði og gott verð




95 ÁRA
ORMSSON
1922 - 2017

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |







| ÁLFABAKKA | | EGILSHÖLL | | KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|---|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 8 (UPPSELT) | STAR WARS 2D | KL. 10:30 | STAR WARS 3D | KL. 9 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 8 (UPPSELT) | DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 | DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| DADDY'S HOME 2 VIP | KL. 5:40 | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:30 | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | AKUREYRI | | KEFLAVÍK | |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 | STAR WARS 3D | KL. 8 | STAR WARS 3D | KL. 8 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 | DADDY'S HOME 2 | KL. 8 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:40 | COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 |
| | | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | | |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kvennakór Garðabæjar – Aðventutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Digraneskirkja

**Hvað?** Jólaleg stemning í hádeginu
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Þá stíga á svið Hanna Dóra Sturludóttir sópransöngkona og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari og flytja jólalög. Á efnisskránni eru meðal annars lögin Hátíð fer að höndum ein, Með gleðiraust og helgum hljóm, Lilja, Gamalt jólalag, Á jólanótt, Hin fyrstu jól o.fl.

**Hvað?** Blússveit Þollýjar & Friðrik Karlsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Blússveit Þollýjar ásamt Friðriki Karlssyni gítarleikara úr Mezzoforte bjóða til jólablúsveislu í Hard Rock Kjallaranum. Boðið verður upp á jólalög í blúsbúningi í bland við kröftugan ryþmablús með gospelívafi. Blússveit Þollýjar hefur starfað um árabil og er skipuð landsþekktum tónlistarmönnum og reynsluboltum úr bransanum.

**Hvað?** Valby Bræður – Svartur á leik
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Valby Bræður frumsýna nýtt vídeó og koma fram ásamt KILO & Blaz Roca.

**Hvað?** Korsiletturnar í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Hljómsveitin flytur djass, blús, swing og charleston og lofar góðri skemmtun. Tónlistin er í anda millistríðsáranna og hljómsveitin á borð við Andrews Sisters. Efnisvalið er héðan og þaðan, klassísk swing-lög í bland við nýlegri lög í nýjum (eða gömlum?) búningi, ásamt ástsælustu jólalögunum.



Pálmi Gunnarsson spilar ásamt Dúkkulísunum á jólatónleikum í Gamla bíói. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Jón Kalman Stefánsson les upp á upplestrarkvöldi Benedikts. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Dúkkulísurnar ásamt Pálma Gunnars – Það koma kannski jól
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
Í fyrsta sinn á jólatónleikum, Dúkkulísurnar og Pálmi Gunnarsson. Gömlu, góðu jólalögin í bland við margs konar lög, bæði gömul og ný. Jólin okkar rifjuð upp með slatta af englahári og rauðum eplum – hvernig heldur Pamela í Dallas jól?

### Viðburðir

**Hvað?** Bókagleði í Gunnarshúsi: Árnastofnun kynnir nokkur bókverk
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi
Kynntar verða bækur sem koma út hjá stofnuninni á árinu auk bóka sem fræðimenn stofnunarinnar hafa gefið út hjá öðrum.

**Hvað?** Upplestrarkvöld Benedikts
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi
Benedikt bókaútgáfa stendur fyrir upplestrarkvöldi á kaffihúsi Bókabúðar Máls og menningar. Þau Jón Kalman, Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Friðgeir Einarsson og Adolf Smári ætla að lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Höfundar staldra við eftir upplesturinn reiðubúnir að veita áritanir fyrir þá sem þess óska.

**Hvað?** Bókakaffi í Laugalæk
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi
Mikael Torfason les upp úr Syndafallinu og Hallgrímur Helgason úr Fiskur af himni. Lifandi tónlist.


## Góða skemmtun í bíó










BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Killing of a Sacred Deer ....... 17:45
Listy Do M3 ENG SUB ....... 17:45
Atvikið á Nile Hilton hótelinu ....... 20:00
The Party ....... 22:00
Undir Trénu ENG SUB ....... 22:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

## Ó, mikli leyndardómur og undraverða dásemdarverk

**TÓNLIST**

**Kórtónleikar**

★★★★☆

**Hallgrímskirkja**

laugardagur 9. desember

**Mótettukórinn söng blandaða jóladagskrá.**

**Einsöngvari:** Elmar Gilbertsson.
**Orgelleikari:** Björn Steinar Sólbergsson.
**Stjórnandi:** Hörður Áskelsson.

Jólatónleikar Mótettukórsins á laugardaginn voru ljúfir. Yfirskrift þeirra var O magnum mysterium, sem er titillinn á fornum jólasálmi.



**Tæknilega séð var söngurinn í fullkomnu styrkleikajafnvægi og ólíkar raddir voru prýðilega mótaðar, segir í dómnum.**

Mörg tónskáld hafa samið við hann tónlist og voru þrjú dæmi flutt á tónleikunum. Sálmurinn hljómar svo: „Ó, mikli leyndardómur og undraverða dásemdarverk, að dýrin skyldu mega sjá Drottin nýfæddan og liggjandi í jötu. Blessuð er mærin sem undir belti mátti bera Drottin Jesúm Krist. Hallelúja."

Þessi sami sálmur var líka viðfangsefni sænska djasspíanóleikarans Jans Lundgren á tónleikum fyrr í vikunni. Hér var andrúmsloftið þó mun hátíðlegra, enda djassinn víðsfjarri. Tónskáldin sem um ræðir voru Victoria, Poulenc og Lauridsen. Sá fyrsti var uppi á tímum endurreisnarinnar, næsti lifði á fyrri hluta aldarinnar sem leið og sá síðastnefndi er enn á lífi. Gaman var að heyra mismunandi nálganir tónskáldanna. Allt frá voldugri fjölröddun Victorias, ljóðrænni en heitri rómantík Poulencs og íhugulli andakt Lauridsens.

Sálmarnir voru fallega sungnir af Mótettukórnum undir öruggri stjórn Harðar Áskelssonar. Fjölröddunin var tær, rómantíkin tilfinningaþrungin og notaleg fylling í síðastnefnda verkinu. Tæknilega séð var söngurinn í fullkomnu styrkleikajafnvægi og ólíkar raddir voru prýðilega mótaðar og samtaka.

Dagskráin var blönduð en öll helguð jólunum. Þar á meðal var lag eftir Hörð sjálfan sem nefndist Jólagjöfin og var ákaflega fallegt. Það hófst á alvörugefnum nótum en breyttist svo í fölskvalausa gleði sem var sérlega heillandi.

Elmar Gilbertsson tenór söng einsöng í nokkrum lögum og gerði það afar vel. Hann hefur fagra rödd, eins og margoft hefur komið í ljós, og hún naut sín fyllilega á tónleikunum. Túlkun hans var hlý og gædd friði og gleði, án nokkurrar tilgerðar. Fyrir bragðið streymdi tónlistin óheft í gegn og fékk að vera hún sjálf.

Björn Steinar Sólbergsson sat við orgelið. Leikur hans var yfirleitt hófsamur og viðeigandi. Helst mátti finna að heldur hvellri orgelrödd í Nóttin var sú ágæt ein eftir Sigvalda Kaldalóns. Að öðru leyti var spilamennskan hin ágætasta. Orgelforleikur eftir Reimerdes var til dæmis einkar hrífandi í meðförum Björns, fullur af alvöru og dýpt.

Eins og vaninn er á tónleikum Mótettukórsins fyrir jólin var ákveðið leikrit hluti af dagskránni. Kórinn var ekki bara á sviðinu heldur kom hann líka syngjandi inn í kirkjuna í upphafi tónleikanna. Hann tók sér jafnframt stöðu umhverfis tónleikagestina á einum tímapunkti, sem var áhrifamikið. Söngurinn umvafði tónleikagesti. Elmar gekk sömuleiðis syngjandi meðfram áheyrendabekkjunum í einu laginu. Þannig var hægt að njóta söngs hans úr mismunandi áttum, sem skapaði skemmtilega fjölbreytni.

Tónleikunum lauk á því að áheyrendur fengu að taka lagið með kór og einsöngvara. Í lokin var sungið Heims um ból, sem var svo mögnuð upplifun að nokkrir áheyrendur sáust fella tár. Maður gekk út úr kirkjunni í jólaskapi. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Hátíðlegir tónleikar með fögrum kór- og einsöng.










## Mannvirðing og mannleysur

**BÆKUR**

**Gatið**

★★★★☆

**Yrsa Sigurðardóttir**
Veröld
**Kápa**: Ragnar Helgi Ólafsson
350 bls.
Prentuð í Finnlandi

Maður rankar við sér í bíl á ferð og man ekkert hvernig hann komst þangað. Skömmu síðar finnst hann látinn í Gálgahrauni og lítill drengur inni í íbúðinni hans sem enginn leið er að finna deili á. Einnig beinist frásögnin að fjórum vinum sem búa yfir sameiginlegu leyndarmáli sem tengir þá þannig saman að þeim er ókleift að slíta vinskapnum. Þríeykið Erla, yfirmaður í lögreglunni, Huldar rannsóknarlögreglumaður og Freyja, sálfræðingur hjá Barnavernd, takast á hendur rannsókn og meðferð málsins og sem fyrr í bókum Yrsu fáum við að fylgjast með þeim bæði í starfi og einkalífi.

Sögurnar af þessu þríeyki og glæpamálunum sem þau fást við að leysa eru komnar í nokkuð fastan farveg og það er orðið tilhlökkunarefni að fá árlega að líta aðeins inn í líf þeirra, flókið og oft hlálegt einkalífið og samskipti þeirra þriggja sem litast af ýmsum atvikum úr fortíðinni. Yrsa segir afar skemmtilega frá misheppnuðum viðreynslum þeirra á milli og vandamálum í einkalífinu sem snúast meðal annars um hvort það sé verjandi í húsnæðiseklunni sem er viðvarandi í Reykjavík þessi árin að taka að sér kyrkislöngu gegn því að fá að búa í fallegri íbúð á viðráðanlegu verði.




Dásamleg mennska og daglegt líf í bland við spennandi ráðgátu gera Gatið að sérdeilis vel heppnaðri spennusögu og ekki má gleyma launfyndninni sem aldrei er langt undan.

Undirtónn sögunnar er þó sýnu alvarlegri, glæpamálinu tengist nefnilega langvinnt og skipulagt kynferðisofbeldi, framkvæmt af kulda, yfirvegun og fullkominni lítilsvirðingu við manngildi og persónufrelsi einstaklingsins. Og í dag, þegar hver sagan á fætur annarri úr sviðslistum, tæknigeiranum, háskólasamfélaginu, íþróttaheiminum og síðast en ekki síst í þessu samhengi, réttargæslukerfinu, dregur upp mynd af einmitt þessu viðhorfi í samfélaginu er ekki laust við að efni þessarar sögu hitti á viðkvæma taug og kyndi undir ólgandi reiði yfir því ástandi sem allt of lengi hefur talist sjálfsagt og eðlilegt.

Þó aðeins grófustu birtingarmyndirnar séu glæpsamlegar á forsendum laga og réttar og jafnvel þá fáist ekki dæmt nema í brotabroti þeirra mála sem kærð eru, eru það engu að síður þau viðhorf sem birtast í #metoo sögunum og einnig hjá persónum í þessari bók, þar sem virði kvenna er ekki meira en rjúpu eða refs, bráðar sem þarf að fella í algeru hugsunar- og tillitsleysi um áhrifin á líf og tilfinningar viðkomandi, og ungir menn leigja sér íbúð gagngert í þeim tilgangi að níðast á ungum konum og hælast um á eftir, eins og gerist í bókinni, það eru þessi viðhorf sem leiða til þess að glæpir gegn kynfrelsi og mannvirðingu eru framdir, glæpir sem verða síðan meðal annars að umfjöllunarefni í glæpa- og spennusögum.

Það er óskandi að #metoo byltingin verði til þess að viðhorfin bak við þessa tegund glæpa hrekist inn í sögur og ljóð eins og Grýla og Leppalúði, verði að hryllingssögum um ónáttúru og óvætti í stað þess að lýsa bláköldum og nístandi raunveruleika alltof margra. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi, vel fléttuð og skrifuð glæpasaga sem tæpir á knýjandi málum í samtímanum.

# LESUM UM DÝRIN OG HEYRUM ÞAU TALA




Sögur
ÚTGÁFA




JAMIE´S CHRISTMAS COOKBOOK
KL. 19:35
Léttur og stórskemmtilegur jólaþáttur með meistara Jamie Oliver. Hann töfrar fram jólakræsingar af sinni alkunnu snilld og sýnir hvernig hægt er að breyta afgöngunum í dýrðlega og gómsæta rétti.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

THE MIDDLE
KL. 20:25
Glæný sería af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni.




BLACK WIDOWS
KL. 20:50
Hörkuspennandi skandinavískur þáttur þar sem svörtu ekkjurnar hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar.




TEN DAYS IN THE VALLEY
KL. 21:40
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.




NASHVILLE
KL. 23:25
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



JURASSIC WORLD
BÍÓ KL. 22:00
Á eyjunni Isla Nublar er fullkominn risaeðluskemmtigarður, Jurassic World. En svo gerast atburðir sem enginn sá fyrir.



FLASH
KL. 20:50
Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja og hann getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**00.55** Wentworth
**01.50** Nashville
**02.35** Queen Sugar
**03.15** Ninja: Shadow of a Tear
**04.50** Behaving Badly
**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** 50 Ways to Kill Your Mammy
**11.50** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.45** Anger Management
**16.05** Nettir Kettir
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Víkingalottó
**19.35** Jamie Oliver's Christmas Cookbook Sérstakur jólaþáttur með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur hvernig á að galdra fram gómsætan hátíðarmat og hvernig hægt er að breyta afgöngunum í dýrlega og gómsæta nýja rétti.
**20.25** The Middle
**20.50** Black Widows
**21.40** Ten Days in the Valley Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í hlutverki sjónvarpsframleiðanda sem stendur í erfiðu skilnaðarmáli. Veröld hennar snýst skyndilega á hvolf þegar hún uppgötvar að dóttir hennar er horfin um miðja nótt og um leið hriktir í stoðum vinnunnar hennar.
**22.25** Nashville
**23.10** The Good Doctor
**23.55** NCIS

## STÖÐ 2 SPORT

**09.05** Burnley - Stoke City
**10.45** Huddersfield - Chelsea
**12.25** Seinni bylgjan
**13.55** Premier League Review
**14.50** Crystal Palace - Watford
**16.30** Burnley - Stoke City
**18.10** Huddersfield - Chelsea
**19.50** Liverpool - WBA
**22.00** Newcastle - Everton
**23.40** Swansea - Manchester City

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Real Madrid - Dortmund
**08.55** Shakhtar Donetsk - Manchester City
**10.40** Tottenham - Apoel
**12.25** Liverpool - S. Moscow
**14.05** Meistaradeildarmörkin
**14.45** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**15.10** Reading - Cardiff City
**16.50** Football League Show
**17.20** Carolina Panthers - Minnesota Vikings
**19.50** Manchester United - Bournemouth
**22.00** Manchester United - Manchester City
**23.45** Tottenham - Brighton

## STÖÐ 3

**00.40** Modern Family
**01.05** Seinfeld
**01.25** Friends
**01.50** Tónlist
**17.15** Gilmore Girls
**18.05** The Big Bang Theory
**18.30** Fresh off the Boat
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**20.00** Friends
**20.25** Stelpurnar
**20.50** Flash
**21.40** Vice Principals
**22.15** Supernatural
**22.55** Næturvaktin
**23.25** Gotham

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** Áfram Diego, áfram!
**07.29** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Elías
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Elías
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Elías
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Jóladagatal Afa
**19.05** Rasmus fer á flakk



Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Golfing World
**09.20** Omega Dubai Ladies Masters
**12.25** QBE Shootout
**15.30** Golfing World
**16.20** Omega Dubai Ladies Masters
**19.25** Golfing World
**20.15** QBE Shootout
**23.20** Golfing World
**00.10** Inside the PGA Tour

## STÖÐ 2 BÍÓ

**03.05** The Wolf of Wall Street
**11.10** Yogi Bear
**12.35** Where To Invade Next
**14.35** A Little Chaos
**16.35** Yogi Bear
**18.00** Where To Invade Next
**20.00** A Little Chaos
**22.00** Jurassic World Frábær mynd frá 2015 sem gerist tuttugu og tveimur árum eftir atburðina í Jurassic Park myndinni árið 1993. Á eyjunni Isla Nublar er núna fullbúin risaeðluskemmtigarður, Jurassic World, eins og John Hammond sá hann fyrir sér í upphafi. Eftir að hafa verið opinn í 10 ár þá er gestum farið að fækka, og til að reyna að auka aftur aðsóknina er gripið til þess ráðs að koma með nýja viðbót í garðinn, en sú tilraun á eftir að draga dilk á eftir sér.

## RÚV

**15.45** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**15.55** EM í sundi 2017
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.16** Klaufabárðarnir
**18.25** Jóladagatalið: Snæholt
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**20.15** Kiljan
**21.10** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Ég var nefnd Malala
**23.50** Kveikur
**00.30** Kastljós og Menningin
**00.50** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**01.10** The Good Fight
**01.55** Wisdom of the Crowd
**02.40** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**03.25** Better Things
**03.55** This is Us
**04.40** Salvation
**05.25** Difficult People
**05.55** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Great Indoors
**14.05** Ilmurinn úr eldhúsinu
**14.40** Undercover Bridesmaid
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** Wisdom of the Crowd
**21.50** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**22.35** Better Things
**23.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**23.45** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. desember** eða meðan birgðir endast.

# Nokkrar góðar hugmyndir fyrir þá sem eru einir á jólunum

Tilhugsunin um að vera einn á jólum fyllir marga kvíða og depurð en það þarf ekki að vera svo slæmt að vera einn um jólin. Hverjar svo sem ástæðurnar eru fyrir eins manns jólahaldi þá felast í því tækifæri til að gera eitthvað alveg nýtt og skemmtilegt. Njótum einverunnar um jólin.

## NJÓTTU ÞESS AÐ VERA EIN/N




Eldaðu það sem þig langar í og gefðu skít í allar jólahefðir. Hver segir að hamborgari sé ekki jólamatur? Gefðu þér falleg náttföt og lestu bækurnar sem þig langaði alltaf til að lesa, já það má lesa Rauðu seríuna – alla – þegar maður er einn á jólunum. Slagsmál um bestu konfektmolana heyra sögunni til, þú og bara þú átt alla Mackintosh-dósina, líka molana sem enginn vill.

## VERTU GÓÐUR UM JÓLIN

**Það er sælla að gefa en þiggja og sérstaklega á jólunum. Hjálpræðisherinn er með stóra jólaskemmtun á hverju ári og fjölmargir sjálfboðaliðar aðstoða við að bera þar fram hangikjöt og tilheyrandi. Skráðu þig til leiks og njóttu þess að taka þátt í kærleiksríku og þakklátu hjálparstarfi.**

## PASSAÐU GÆLUDÝR

Eru vinir þínir á Tenerife og vantar pössun fyrir köttinn og páfagaukinn? Hvernig væri að bjóða fram krafta sína, gerast gæludýrapassari og dekra við loðinn ferfætling? Þú eignast nýjan vin og dýrið er í öruggum höndum á meðan vinir þínir „tana“ á Tene.



## VERTU TÚRISTI Á ÍSLANDI

**Hvernig væri að bóka sig í ævintýraferð með öllum ferðamönnunum sem koma hingað yfir jólin. Smella sér í ævintýraferð á Gullfoss og Geysi og sjá landið með öðrum augum. Ný reynsla er góð gjöf handa sjálfum þér. Hver veit nema vinalegir ferðamenn bjóði þér með sér á jólaskemmtun á Hotel Nordica þar sem þú verður umvafinn erlendum kærleika.**

## STINGDU AF

Nú er rétti tíminn til að fara einn í draumaferðina sem þig langaði alltaf í. Marokkó um jól undir stjörnubjörtum himni í eyðimörkinni sötrandi dísætt te hljómar alls ekki illa. Leitaðu að jólasveininum í Central Park í New York eða taktu þátt í kaþólskri jólamessu í Barcelona. Möguleikarnir eru endalausir og ævintýrin óteljandi.

## DEKRAÐU VIÐ ÞIG

**Drekktu þér í jóladekri, baðaðu þig upp úr yngjandi kremum, ilmandi olíum og kyrjaðu jólalögin í freyðibaði. Hvernig væri að skafa vetrarfeldinn af fótleggjunum og lakka þessar sætu tásur? Dreyptu á dýru víni og dansaðu trylltan jóladans í stofunni heima. Gerðu það sem þú vilt, þetta eru þín jól.**



## HENTU Í VINAJÓL

Fyrir þá sem hreinlega treysta sér ekki til að vera einir á aðfangadag: Smalaðu saman hóp af frábæru fólki sem er líka eitt á jólunum. Bjóddu upp á jólahlaðborð þar sem allir koma með uppáhalds jólaréttinn sinn. Spilið partíspilið fram eftir kvöldi, syngið jólalög og skiptist á sniðugum leynigjöfum. Uppskrift að góðu kvöldi og jafnvel upphaf að nýrri jólahefð.

## GERÐU EITTHVAÐ ALVEG NÝTT

**Langaði þig alltaf í messu á aðfangadag en fórst aldrei af því að makinn vildi það ekki? Nú er rétti tíminn til þess. Palli skemmti sér vel þegar hann var einn í heiminum, það ættir þú líka að gera.**

**Ekki vera súr, það koma jól á hverju ári og hver veit nema þú munir næst fagna þeim í fleirtölu nema að jól í eintölu verði þín nýja jólahefð. Gleðileg jól.**

**astahrafnhildur@frettabladid.is**




BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR
UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri, ljósri eða rauðri merínóull. Komdu og prófaðu!

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG ÚR LEÐRI

NÝR LITUR

7.900 KR.

ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDSINNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.
Barnaheill Save the Children á Íslandi

SKATA
( Besta skata og langbesta verðið )
1.390 kr.kg
Vinir og ættingjar í útlöndum vilja ekta þorláksmessuskötu.
Takið með ykkur og gleðjið nákomna.

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1






HAGKAUP
Meira svona alla daga








# Tugir þúsunda fylgja þeim á hverjum degi

Snapparar, þættir Lóu Pind Aldísardóttur, hafa sýnt fólki á bak við tjöldin hjá vinsælustu Snapchat-stjörnum landsins. Síðasti þátturinn fer í loftið á sunnudag.

### VINSÆLUSTU SNAPPARARNIR Í SNÖPPURUM

**Manuela Ósk - manuelaosk** 10-22 þús. áhorf á dag
**Brynjar Steinn - binniglee** 16-17 þús.
**Sonja Rut Valdin - Sonjastory** um 16 þús.
**Sigrún Sigurpálsdóttir - sigrunsigurpals** 13-15 þús.
**Brynjólfur Löve Mogensen - binnilove** 11-14 þús.
**Eva Ruza Miljevic - evaruza** 7-10 þús.
**Hrefna Líf Ólafsdóttir - hrefnalif** 4-10 þús.


Brynjar Steinn.

**Aðrir vinsælir snapparar**
**Aron Már Ólafsson - Aronmola**
**Ingólfur Grétarsson - goisportrond**
**Tinna Björk Kristinsdóttir - tinnabk**
**Sólrún Diego - Solrundiego**
**Strákarnir í FM95BLÖ - fm95blo**
**Fótbolti.net - fotboltinet**


Sonja Rut Valdin.

### Leiðbeiningar Neytendastofu um auðþekkjanlegar auglýsingar

- Ef greitt er fyrir eða annað endurgjald veitt fyrir að setja inn mynd af vöru/þjónustu þá þarf að merkja það sem auglýsingu.
- Ef viðkomandi fékk sendar vörur og skrifar um það þá þarf að merkja það sem auglýsingu.
- Það sama gildir ef þú færð lánaðar vörur til þess að fjalla um í innleggi. Það sama gildir óháð því hvort viðkomandi hafði samband við fyrirtækið eða fyrirtækið hafði samband við viðkomandi.
- Ef fyrirtæki starfrækir og rekur eigin vefsíðu, bloggsíðu eða prófíl á samfélagsmiðli þá þarf að koma skýrt fram að það sé fyrirtækið sem starfrækir og rekur vefsvæðið.
- Það skiptir ekki máli að engin skylda sé til þess að skrifa um vöruna/þjónustuna eða að umfjöllunin lýsi raunverulegum skoðunum þess sem skrifar.

Snapchat er gríðarlega vinsælt forrit meðal ungs fólks. Í þáttunum Snapparar, sem Lóa Pind Aldísardóttir stýrir, er skyggnst bak við tjöldin hjá nokkrum af vinsælustu snöppurum landsins. Síðasti þátturinn verður sýndur á sunnudag þegar Sigrún Sigurpáls, Aldís DK og Thelma birtast á sjónvarpsskjánum.



Í þáttunum hefur verið farið yfir kosti og galla þess að vera Snapchat-stjarna. Brynjar Steinn, sem þekktur er undir Snapchat-nafninu Binni Glee, er til dæmis hættur að fara í verslunarmiðstöðvar og setið hefur verið um hús Sonju Rutar eftir að hún sló í gegn í laginu Nei nei.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsskrifstofunni Eylendu eru 20-30 manns með um 10.000 áhorf á sitt efni daglega en upp undir 30 þúsund fylgjast daglega með vinsælustu íslensku snöppurunum. Talið er að samfélagsmiðlar séu með um 15-20 prósent af auglýsingamarkaðnum, þar af sé Snapchat með um þrjú prósent.

Í þáttaröðinni er fylgst með nokkrum af helstu snöppurum landsins. Allt er þetta sjarmerandi fólk með ríkulega athyglisþörf sem hefur náð að laða þúsundir, sumir tugþúsundir, Íslendinga til að fylgjast með lífi sínu á Snapchat. Lóa skoðar hvaða fólk þetta er og hvers konar fólk nær að slá í gegn á þessum miðli. **benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Laugavegur 67, Reykjavík. Sími 519 5055

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Brauðtertur og tengsl

Ég stend úti fyrir dyrum með töskuna mína, svolítið svona eins og ljósmóðir í sveit frá fyrrihluta síðustu aldar, og hringi bjöllunni. Á móti kemur angan af brauðterturúllum í ofni í bland við rakspíra og ilmvötn, skvaldur hinna fullorðnu og hlátrasköll barna. Yfirleitt eru það uppáfærðar jafnöldrur mínar sem taka á móti mér, bjóða mig velkomna og tilkynna mér með miklu stolti að þær séu ömmurnar í fjölskyldunni og nú skuli ég fara inn í svefnherbergi til að fara í ölbuna mína og þar sé móðirin að klæða barnið. Og þegar stundin er komin stendur presturinn hvítklæddur við skírnarskálina og foreldrarnir með barnið í síða skírnarkjólnum sem er bæn um það að barnið megi vaxa og dafna og verða heilbrigð og hamingjusöm manneskja í anda Jesú Krists. Fátt finnst mér fegurra en gamlir skírnarkjólar sem eru merktir með nöfnum tuga einstaklinga sem hafa klæðst kjólnum sem ungbörn.

Fæðing barns í heiminn er óendanlega stór gjöf og með hverju barni fæðist ný von inn í veröldina. Á skírnarstundu skynja það allir og því er bæði grátið og glaðst um leið og foreldrar, skírnarvottar og fjölskyldan öll ásamt samfélagi kirkjunnar lofa að elska og virða barnið skilyrðislaust og standa með því á lífsveginum. Með skírninni fær barnið það lífsverkefni að líkjast Jesú Kristi sem gerði skýra ástarkröfu á alla menn og barðist fyrir mannréttindum. Á þessum stundum skynjar maður svo vel að heimilið er heilagt eins og kirkjuhúsið, vegna þess að það er frátekið fyrir náin mannleg tengsl og athvarf þegar tengslin rofna. Nú eru jólin að koma, tengslahátíðin þegar sögð er sagan af barninu sem fæðist við erfið kjör en er umvafið fólki sem lofar að reynast því vel.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland







*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS